

Ófremdar-
ástand í
Laugardal

Hyskið í
Dalnum

4. OKTÓBER 2019 / 40. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

Óvanalegt gæludýr
veldur nágrannaerjum

D V

ALLT SEM VIÐ VITUM UM
EUROVISION-MYNDINA

PEIR RÆNDU BARNÆSKUNNI

■ Mæður barna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi stíga fram

■ Vilja hertara eftirlit með barnaniðingum og þyngri dóm

■ „Þessir menn ættu aldrei að búa nálægt börnum“

NÁTTÚRULEG BÍLARYÐVÖRN
Hjá Smára Hólm

8 ÁRA
ÁBYRGÐ
Á NÝJUM
BÍLUM

Alma ofsótt
af eltihrelli
í átta ár

■ Flúði land

■ Nálgunarbann er bara orð á pappír

■ „Hvar sem ég var, var hann líka“


Barnabílstólar í úrvali

RECARO

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is





Á þessum degi, 4. október

Þann 4. október, 1927, hóf bandaríski listamaðurinn og myndhöggvarinn Gutzon Borglum vinnu sína við Rushmore-fjall í Pennington-sýslu í Dakóta.

Borglum hannaði og hafði yfirumsjón með verkinu sem þegar upp var staðið sýndi 18 metra háar andlitsmyndir fjögurra Bandaríkjaforseta; George Washington, Thomas Jefferson, Theodore Roosevelt og Abrahams Lincoln. Borglum innanhandar var sonur hans, Lincoln.

Hugmyndin að verkinu er eignuð sagnfræðingi frá Suður-Dakóta, Doane Robinson, sem vildi að verkið yrði unnið í garnítsúlur í Needles. Horfið var frá þeirri hugmynd og Rushmore-fjall varð fyrir valinu.

Robinson og Borglum voru á öndverðum meiði varðandi myndefni. Robinson vildi að höggna yrðu út myndir af sögufrægum einstaklingum frá tíma Villta vestursins og nefndi til sögunnar landkönnuðina Lewis og Clark, indíánahöfðingjann Red Cloud og William F. Cody, betur þekktan sem Buffalo Bill.

Borglum vildi víðtækari skírskotun og valdi forsetana fjóra. Sem fyrr segir hófst vinnan þann 4. október, 1927, og ásjónur forsetanna voru fullgerðar á árunum 1934 til 1939. Ætlunin var að höggva út myndir sem sýndu forsetana frá höfði niður að mitti, en sökum fjárskorts var horfið frá þeirri hugmynd og árið 1941 var látið staðar numið.



Íslensk kona vill hafa lamadýr sem gæludýr

■ Segir dýrin veita ómetanlegan, andlegan stuðning
■ Nágrannakonan kvartaði ■ Sigríður sigurviss

Ég hef verið að glíma við þunglyndi. Ástin og umhyggjan sem ég fæ frá þessum dýrum hjálpar mér meira en nokkurt af þeim þunglyndislyfjum sem mér hefur verið ávísað í gegnum tíðina. Og það fylgja þeim engar aukaverkanir," segir Sigríður Jackson, íslensk kona sem búsett er í Stow í Ohio-fylki í Bandaríkjunum ásamt þarlandum eiginmanni sínum og syni þeirra. Fjölskyldan hefur undanfarnar vikur og mánuði staðið í deilum við nágrannakonu sína og þarland yfirvöld um að fá að hafa tvö lamadýr sem gæludýr, þau Loretta og Scooby.

„Maðurinn minn hefur unnið með lamadýrum síðan hann var í menntaskóla, og hann hefur mikla ástríðu fyrir þeim. Þegar við keyptum húsið okkar langaði hann að eignast lamadýr," segir Sigríður í samtali við DV. „Við skoðuðum öll lög og reglugerðir varðandi slíkt dýrahald og sáum ekkert sem bannaði það.“

Líkt og áður segir hefur Sigríður verið greind með þunglyndi og segir hún dýrin veita henni ómetanlegan stuðning. Þá er 12 ára sonur þeirra hjóna greindur með athyglisbrest og ofvirkni og fullyrðir Sigríður að lamadýrin hafi hjálpað honum mikið við að takast á við röskunina. Þá séu dýrin mun hljóðlátari en til að mynda hundar.

„Þetta byrjaði allt saman þannig að nágrannakona okkar fór að kvarta undan dýrunum við borgaryfirvöld. Aðallega vegna þess að hún sér þau fyrst og



Sigríður, eiginmaður hennar Scott og sonur þeirra Magnús



fremst sem dýr, ekki gæludýr, og hún bara kunni ekki við þau," segir Sigríður.

Nágrannakonan skrifaði bréf til formanns skipulagsráðs í Stow í janúar síðastliðnum þar sem fram kom að nágrannar hennar væru búnir að „breyta bakgarðinum sínum í búgarð.“

Í kjölfarið var Sigríði og eiginmanni hennar sagt aflögfræðingi borgarinnar að lamadýrin flokkuðust undir búfénað. Ekki væri mögulegt að gera undantekningu á þeim grundvelli að dýrin veittu andlegan stuðning.

„Lögfræðingur borgarinnar gaf okkur frest til 13. febrúar næstkomandi til að losa



okkur við lamadýrin. Þar sem við höfum ekki fengið nein svör við símtölum eða tölvupósti þá höfum við komið dýrunum fyrir á bóndabæ. Manninum mínum var hótad kæru og sekt ef við losuðum okkur ekki við dýrin.“

Hjónin hafa reynt að ná samkomulagi við nágrannakonu sína og meðal annars boðist til að setja upp hærri girðingu í kringum garðinn eða setja niður stór tré, en þær tilraunir hafa ekki

skilað árangri.

Sigríður bendir á að samkvæmt skipulagslögum sé ekkert sem bannar þeim að hafa dýrin hjá sér, nema það sé í landbúnaðartilgangi. „En samkvæmt þeirri skilgreiningu þá væri allveg eins hægt að banna öllum í hverfinu að rækta grænmeti í garðinum hjá sér.“

Ég er nokkuð viss um að ef við tökum þennan slag þá munum við vinna.“ ■

5 hlutir sem gætu borgað upp Braggann

Skellt var í lás á hinum umdeilda Bragga í Nauthólsvík fyrir skemmstu. Háskólinn í Reykjavík, HR, leigir Braggann af Reykjavík, en rekstraraðili sem opnaði þar kaffihús hefur nú lokað. Því er leitað að nýjum rekstraraðila. Heildarkostnaður við Braggann fór langt fram úr áætlun og upp í 415 milljónir. HR borgar 8,3 milljónir á ári í leigu og því mun taka að minnsta kosti fimmtíu ár að greiða hann upp. Hér eru fimm leiðir til að gera það.

1. Hjólagjöld

Um Nauthólsvík brunar alls kyns fólk á hverjum degi á ýmiss konar hjólabúnaði. Veggjöld vofa nú yfir þeim sem reida sig á einkabílinn og því ekki úr vegi að heimta hjólagjöld af þeim sem komast leiðar sinnar á umhverfisvænan máta. Svona fyrst ríkisstjórnin er svag fyrir að refsa fólk fyrir að standa sig vel og kallar það hinu fallega nafni – grænn skattur.



2. Gammar

Einnig væri hægt að fá „gulldrengina“ í GAMMA til að taka húsnaðið upp á sína arma. Þeir virðast vera góðir í að láta eigið fé fuðra upp – gilda ekki sömu lögmál um að láta skuldir fuðra upp?

3. RÚV-hús

RÚV-arar aumka sér mikið yfir því að auglýsingatekjur verði teknar af stofnuninni og telja að yfirvöld þurfi að bæta þeim upp skadann með öðrum hætti. Væri þá ekki bara skynsamlegt að gefa RÚV Braggann og leyfa auglýsingapésunum að opna þar kaffihúsið RÚV-hús? Auglýsingapésarnir hafa náð að raka inn peningum fyrir RÚV síðustu misseri þannig að þeir kunna sitt fag.



4. Stuð í Bragga

Beinast liggur við að búa til eitthvað svo ómótstæðilegt í Bragganum og allir ferðamenn sem heimsækja Ísland þurfi að skoða það. Og nei, innfluttu stráin eru ekki nóg. Hægt væri að sækja fyrirmynd til Hallgrímskirkju sem veltir hundruðum milljóna með lyftuferðum. Við þurfum jú að hafa einhvern aur af þessum ferðamönnum!

5. Pönnsur

Það hefur gustað um Dag B. Eggertsson vegna Braggamálsins og margir töldu ljóst um tíma að hann þyrfti að segja af sér. Eitt er þó víst að Dagur kann að baka pönnukökur. Því væri hægt að færa hann til í starfi og opna pönnukökustaðinn Pönnsur borgarstjóra. Hver pönnukaka þyrfti að vera ansi dýr til að borga upp Braggann en Dagur fer létt með að smyrja ofan á þær alls kyns gjöld og skatta.



– Frábær heimilismatur í hádeginu –

HÁDEGISMATUR ALLA VIRKA DAGA

milli kl. 11.30 og 13.30

Komið til okkar eða við sendum til ykkar

SENDUM Í FYRIRTÆKI STÓR OG SMÁ

Opið virka daga 07.30- 15.00. Laugardag 09.00-14.00



Kænan Óseyrarbraut 2 220 Hafnarfjörður. Sími 5651550. www.kaenan.is info@kaenan.is

Hver er hann?



■ Hann er fæddur árið 1959

■ Hann er alinn upp í Vogunum

■ Hann er söngvari hljómsveitarinnar Magic Pie

■ Hann kennir börnum og unglingum í vanda

■ Hann hefur þrisvar sinnum sungið í úrslitakeppni Eurovision

SVAR: EIRÍKUR HÁUGSSON

Það er staðreynd að...



TYPEWRITER er lengsta orðið sem er hægt að skrifa með bara einni línu á lykklaborðinu.



Að ofhugsa hlutina veldur þunglyndi.



Leikarinn Bill Murray hefur unnið til 47 verðlauna á ferlinum en aldrei unnið Óskarinn.



Flestar hákarlaárásir eiga sér stað nálægt ströndum.



Forsætisráðherra vor, Katrín Jakobsdóttir, elskaði leikarann Kevin Bacon í uppveitnum.

„Oft stimpluð sem hyskið í dalnum“ ■ Ítrekuð skemmdarverk og takmarkað eftirlit ■ Íbúar ósáttir

Hópur fólks hefur síðustu vetur neyðst til að búa í húsbílum og hjólhýsum á tjaldsvæðinu í Laugardal vegna hás leiguverðs og íbúðaskorts á höfuðborgarsvæðinu. Tjaldstæðin sem ætluð eru til langtímaleigu eru afmörkuð og aðskilin frá því svæði sem er ætlað ferðamönnum. Nýverið tók gildi samningur um að Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur sæi um rekstur langtímasvæðisins en Farfuglar ses., sem hefur undanfarin ár annast rekstur tjaldsvæðisins, heldur áfram rekstri ferðamannasvæðisins. Við tjaldsvæðið stendur gistiheimilið Reykjavík City Hostel sem er á vegum Farfugla.

Með aðkomu ÍTR eru íbúar á tjaldsvæðinu í Laugardal, sem eru á samningi til langtímaleigu, þó misbjartsynir en vongóðir um breytingar í háttirni og umsjón með svæðinu. Að sögn margra þeirra hefur ástandið lengi verið óboðlegt og til skammar.

Eiturlyfjaneysla, skemmdarverk og takmarkað eftirlit

DV spjallaði við ýmsa einstaklinga vegna málsins; þar á meðal tvo fyrrverandi leigjendur á svæðinu og starfsmann á vegum Farfugla sem gegnir hlutverki varðar og gætir þess að fólk svindli sér ekki inn á svæðið. Eftir samtali við þessa einstaklinga er ljóst að fólk dvelur þarna af ólíkum ástæðum, flestir vegna erfiðra aðstæðna á leigumarkaði en aðrar ástæður voru einnig nefndar. Allir íbúar á tjaldsvæðinu höfðu rafmagn til að kynda upp hjá sér en virðast allir vera sammála um að slæmt aðgengi á salernið sé vandamál og almenn umgengni, bæði ungs fólks og ferðamanna.


Umræddir einstaklingar kusu allir að halda nafnleynd, vegna ólgu á milli leigutaka og forsvarsmanna Farfugla, en vörðurinn fullyrðir að reglulega komi upp mál vegna neytenda eiturlyfja og skemmdarverka á svæðinu. Vörðurinn er á vakt til klukkan 23.30 og því er ekkert eftirlit með svæðinu eftir þann tíma og fram til næsta morguns. Það sama gildir um þjónustuhúsið á tjaldsvæðinu, en þar er aðgengi að matsal og hjartastuðtæki, svo dæmi sé tekið.

Einn af fyrrverandi leigutökum um fyrrnefndu stendur í málaferlum við Farfugla og að sögn hans hefur það lengi tíðkast að fólk svindli sér inn á svæðið eftir miðnætti og komi sér burt næsta morgun áður en næsti vörður kemur á vakt, til að forðast næturgjald.

Annar heimildarmaður, sem kallar sig Grétar, segir það furðulegt að ekki sé búið að girða af tjaldsvæðið fyrir fólk í búsetu, í ljósi þess að ekkert eftirlit sé þegar utanaðkomandi ungmenni valda skemmdum á svæðinu, tjaldvögnum eða hjólhýsum. Slíkt kemur ítrekað fyrir og segir Grétar að helst þyrfti að girða af svæðið þar sem Farfuglar bera ekki ábyrgð á tjóninu. Grétar vill



Að sögn núverandi og fyrrverandi leigutaka eru þrif salernissvæðis afar takmörkuð og illa unnin.



„Ef þú slystast til að ganga berfættur um klósett- eða sturtusvæðið ertu einfaldlega kominn í þá hættu að fá fótasvepp.“



Að sögn Róberts kemur oft fyrir að fólk skilji eftir „glaðning“ í sameiginlegri sturtuðstöðu svæðisins.

einnig meina að skortur á eftirliti leiði til þess að margir ferðamenn þverbrjóti skráða reglu um að það þurfi að vera að lágmarki fjögurra metra bil á milli tækja, meðal annars vegna brunavarna. Þetta hefur verið tilkynnt til Eldvarnar- eftirlitsins en ekkert verið gert í því, sem Grétar segir varða við lög.

Ekki bjóðandi verstu óvinum

Annar heimildarmaður sem rætt var við, sem kallar sig Róbert, segir umgengni ferðamanna og utanaðkomandi á tjaldsvæðinu vera ógeðfellda og salernisaðstöðu sérstaklega ekki bjóðandi verstu óvinum, að Farfuglar sinni takmörkuðum þrifum. Þetta segir hann vera sérlega óþægilegt fyrir barnafólk í langtímaleigu, ekki síst þegar kaldur veturinn gengur í garð.

„Ekki bætir úr skák að það sé enginn hiti eða einangrun í salernishúsum. Maður verður fátækur af því að gera þarfr sína á morgnana um hávetur og það ætti ekki að vera svo dýrt að koma fyrir plexíglari eða einhverjum fjanda til að gera þetta boðlegra,“ segir Róbert. „Allan ársins hring er svæðið morandi í ferðafólki og er ómögulega hægt að skilja hvert peningarnir fara. Þeir fara ekki í þrifnað, utanumhald eða starfsfólk.“

Þá segir Róbert að leigutakar hafi ítrekað haft samband við Heilbrigðiseftirlitið en ekkert hefur bólað á svörum. „Það þýðir ekki annað en að ganga í sandölum um þetta svæði. Ef þú slystast til

að ganga berfættur um klósett- eða sturtusvæðið ertu einfaldlega kominn í þá hættu að fá fótasvepp, eins og kom fyrir einn sem bjó með okkur,“ segir hann. „Um-

gengni ferðamanna er ekkert skárri heldur og það hefur margoft komið fyrir að fólk sé ríðandi þarna á klósettunum. Þetta er allt opið og eftir miðnætti vaktar þetta enginn.“

Leigutökum bannað að versla við gistiheimilið

Í samningi leigutaka á langtímasvæðum kemur fram að ekki skuli bera erindi eða ábendingar upp við starfsfólk Farfugla. Grétar segir málið hins vegar snúnara og mega umræddir leigutakar ekki njóta aðgengis á veitingasvæði eða kaffihúsi gistiheimilisins yfirhöfuð. Þeim er neitað afgreiðslu.

Leiguverð á langtímasvæðum er 43 þúsund krónur á mánuði en við bætast 15 þúsund krónur ef maki fylgir með. Innifalið í þessu verði er notkun á pláss, rafmagn, salernis- og þvottastöðu. Hins vegar kostar hver notkun á þvottavél og þurrkara – hvort um sig – 700 krónur hvert skiptið.

Slegist um plássid

Áður en Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar tók við svæðinu stóð til að loka fyrir langtímaleigu í kringum síðasta vetur. Samkomulag náðist við rekstraraðila tjaldsvæðisins um að langtímastæðin yrðu opin til 15. maí þegar rekstur fyrir ferðamenn hefst og sumargjaldskrá og hefðbundnar reglur um leigutíma taka gildi.

„Það átti að hrekja okkur út af svæðinu, en við höggudumst ekki. Þetta endaði með stríði og miklum leiðindum við forsvarsmenn Farfugla, sem á endanum sáu að við ætluðum ekki neitt. Á endanum fengum við endurnýjun á samningi yfir veturna en margir sem eru þarna enn hafa samt engan stað til að sækja á sumrin. Þau eiga að koma sér burt svo ferðamennirnir geti séð hvað Ísland er æðislegt. Forsvarsmenn Farfugla líta niður til fólksins sem leigir þarna, það er oft stimplað sem „hyskið í Dalnum“,“ segir Róbert.

Hann segir að forsvars-

menn Farfugla geri lítið í eigin valdi til að betrubæta ímynd fólks sem býr í tjaldvögnum og hjólhýsum. „Það er eins og þau vilji gera okkur að hyskinu með öllu aðgerðarleysinu. Þeirra hugarfar hefur einfaldlega verið: „Ef þér líkar þetta ekki, geturðu farið eitthvert annað,“ sem er ekki í boði fyrir suma. Hvað eigum við að gera?“

Ekki náðist samband við Þorstein Jóhannesson, framkvæmdastjóra Farfugla, við vinnslu greinarinnar.

Breytt hugarfar borgarinnar

Í fyrrasumar var haldinn aukafundur í borgarráði, en þar voru meðal annars gerðar tillögur til að lækka gjöld á langtímaleigu hjólhýsa í Laugardalnum. Enn fremur var rætt um að koma upp nýju neyðarskýli fyrir haustið. Eypór Arnalds, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, hefur lengi vonast til þess að breytingar verði gerðar í málefnum þessa hóps og segir niðurstöður fundarins hafa verið jákvæðar. Í samtali við DV segir Eypór málið enn vera í vinnslu, en að á dagskrá sé að virða þessar kröfur fólks með betri salernis- aðstöðu svo dæmi sé tekið, og sé þetta ákveðið neyðarúr- ræði. „Tjaldsvæðið í Laugardalnum er ákveðin birtingarmynd húsnaðisvandans,“ segir hann.

„Borgin hefur verið að taka þetta meira alvarlega. Fram að síðustu kosningum var eins og þetta kæmi borginni lítið við en niðurstaðan núna er sú að langtímaleigan fái að halda áfram og verði gjaldið ekki hækkað.“

Að sögn Eypórs hefur húsnaðisvandi fólks aukist töluvert frá árum áður og virkilega þurfi að betrubæta aðstæður í Laugardalnum á allan veg.

„Borgin tók ekki á þessum málum áður, en þeir flokkar sem hafa verið í minnihluta undanfarið telja þetta ástand vera mikið forgangsmál. Okkur þykir mikilvægt að leigutakar, sem hafa ekki önnur úrræði, fái að vera þarna allan ársins hring. Það hefur smám saman verið að breytast hjá borginni að ekki hafa þetta svæði eingöngu fyrir túristana.“ ■



Eyþór Laxdal Arnalds.



HAPPY-HOUR
15.00-19.00
HÚSBJÓRINN
700 kr

GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK * 00354 456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS



Suðurlandsbraut 14
2. hæð

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Ritstjóri: Lilja Katrín Gunnarsdóttir
Prentun: Torg prentfélag Dreifing: Póstdreifing

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni bladsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl bladsins eru hljóðrituð. Notkun á efni bladsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Ekki sama hver er

Aðalmeðferð í máli **Gyðu Drafnar Grétarsdóttur** gegn **Jóni Ársæli Þórðarsyni** og RÚV fór fram í vikunni, en málið varðar umdeilt viðtal í þáttunum **Paradísarheimt**. Eins og kom fram við aðalmeðferð voru skilmálar Gyðu fyrir viðtali hundsaðir af bæði Jóni Ársæli og RÚV, sem viðurkenndu þar með bótaskyldu sína. Jafnframt kom fram að enginn sáttavilji hafi verið af hálfu RÚV, en Gyða krafðist fimm milljóna í bætur. Þess er skemmt að minnst að RÚV greiddi **Guðmundi Spartakus Ómarssyni** 2,5 milljónir í miskabætur utan dómsals vegna fréttaflutnings um meint fíkniefnaviðskipti. RÚV var harðlega gagnrýnt fyrir að semja við Guðmund, sem krafðist upprunalega 10 milljóna króna í bætur. Töldu forsvarsmenn RÚV að hagstæðast væri að semja og því mætti leiða líkur að því að mál RÚV hefði verið veikt fyrir dómi – líkt og mál RÚV gegn Gyðu. Það er ekki sama hver er.

Lítt þekkt ættartengsl

Fjölmiðlakonan og ráðgjafinn

Fjölmiðlakonan Kristín Ýr Gunnarsdóttir og Halla Gunnarsdóttir, ráðgjafi ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, eru systur. Kristín Ýr hefur starfað í fjölmiðlum um árabil, var blaðakona á Vikunni, skrifaði pistla í Stundina og var nú síðast fréttakona á Stöð 2 áður en henni var sagt upp í niðurskurði fyrir stuttu. Halla er ekki minna skelegg en systir hennar, nema síður sé. Hún hefur einnig starfað sem blaðamaður og gefið út bækur en meira hefur farið fyrir henni í pólitíkinni síðustu misseri. Hún var aðstoðarmaður Ögmundar Jónassonar á meðan hann var heilbrigðisráðherra og aftur þegar Ögmundur varð dóms- og mannréttindaráðherra og innanríkisráðherra og er nú ráðgjafi ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.



Maður og vél Gatnaframkvæmdir hafa sett svip sinn á Reykjavík undanfarið.

Glæpur og refsing

Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Ég var komin á „gamalsaldur“ þegar ég eignaðist mína fyrstu íbúð. Ég var komin yfir þrítugt, enda höfðu jafnaldrar mínir lítinn áhuga á að eyða peningum í steinsteypu upp úr tvítugu. Það var ýmislegt annað sem lenti ofar í forgangsörðuninni, misgáfulegt kannski. Þessi fyrsta íbúð mín var draumur í mínum augum. Heilir 56 fermetrar í gömlu hús á Laugarnesinu. Þvottavélin við hliðina á ísskápnunum og herbergið fyrir þá einkadótturina stúkað af í stofunni. Fimmtíu kílóa túbúsjónvarpið rammaði inn bjarta stofuna og fimm þúsund króna sófinn af nytjamarkaðinum yljaði mér á köldum vetrarkvöldum.

Það má með sannri segja að ég hafi skorið við nögl í þessum búskap mínum. Ég var einstæð móðir og einstaklega hagsýn í innkaupum, enda leyfði launaseðillinn ekki annað. Ég átti samt

mitt eigið heimili og sú tilfinning var ómóstaðileg, þó að ég borðaði grjónagraut stundum þrisvar sinnum í viku og pylsupasta þess á milli.

Svo gerðist lífið og ég sameinaðist annarri dásamlegri fjölskyldu. Við ákváðum að fara saman í ævintýri til Taílands í þrjá mánuði. Ég var staðráðin í að leigja út þessa draumaíbúð mína til einhvers sem ég kannaðist við. Það tókst og hélt ég leiguverðinu í lágmarki. Þegar ég var búin að borga af íbúðalánunum, hita, rafmagn, net og sjónvarp átti ég um það bil tuttugu þúsund krónur eftir af leigutekjunum á mánuði.

Þegar heim var komið ákvað ég að það væri orðið tímabært að selja þessa perlu á Laugarnesinu sökum þess að fjölskyldustærð mín hafði óvænt margfaldast. Hún seldist strax og fékk ég ágætis pening upp í næstu eign við þessa sölu. Ég var ansi lukkuleg með þetta allt saman.

Þar til kom að gerð skattframtals. Þá féllust mér hendur. Ég gaf að sjálfsgöðu leigutekjur

upp en mér til mikillar undrunar stóðu útreikningarnir þannig að ég þurfti að borga rúmlega hundrað þúsund krónur í skatt af tekjunum, þótt ég hefði aðeins fengið um sextíu þúsund krónur í vasann af þeim þessa þrjá mánuði. Ég fór að grennslast fyrir um þetta og fékk þau svör að ég gæti sýnt fram á að ég hefði borgað leigu annars staðar til að lækka þennan skatt. Því skilaði ég inn langtímaleigu á Airbnb í Taílandi þessu til niðurfellingar. Þá sagði tölvan bara nei. Langtímaleiga á Airbnb var ekki tekin gild. Gott og vel. En hvað ef ég sýndi fram á rekstrarkostnað íbúðarinnar og hve lítið ég hefði fengið í eigin vasa út frá þessum tekjum? Aftur sagði tölvan þvert nei. Ég endaði því í fimmtíu þúsund króna mínus eftir þetta leiguvæntýri.

Annað áfallið kom svo þegar ég rak augun í litla klausu um að ég hefði selt íbúðina mína innan tveggja ára. Því þyrfti ég að borga enn meiri skatt. Þessi klausa var víst til að fyrirbyggja fasteignabrásk.

Ég hugsa oft til þessa skattframtals og hvað ég var vonsvikin. Vonsvikin yfir því að standa í skilum þó að það bitnaði á fjölbreytileikanum á matarborðinu.

Vonsvikin yfir því að hafa ekki látið græðgina taka völdin og farið fram á sanngjarnar leigutekjur. Vonsvikin yfir því að hafa dirfst að selja íbúðina mína innan tveggja ára einfaldlega út af því að ég var ástfangin. Ég fékk enga umbun fyrir að standa mig vel. Og það hefur ekkert breyst. Í staðinn fyrir hvatakerfi ákveða yfirvöld alltaf að búa til ný gjöld og skatta til að þvinga fólk til breytinga. Hækka bensínið svo ég skipti yfir í umhverfisvænan kost í staðinn fyrir að lækka gjöld á umhverfisvæna bíla og gefa mér einhver örlítil fríðindi fyrir orkuskiptin. Setja á urðunargjald svo ég hendi minna í staðinn fyrir að klappa mér á bakið fyrir að flokka í öll þessi ár og kenna mér hvernig best sé að minnka neysluna. Banna mér að nota plastpoka en refsa mér þegar heim er komið og ég fer að týna úr pokunum allar tilgangslausu plastumbúðirnar sem ég þarf svo sjálf að flokka og borga skatt af.

Það yrði lítið gert heima hjá mér ef hvatakerfið um húsverkin snerist um að sá sem þau innti af hendi myndi þurfa að borga með sér. Þetta er ekkert ofboðslega flókið dæmi nefnilega og myndi örugglega hvetja fleiri til dáða en álögur, skattar og gjöld. ■

Spurning vikunnar

Hefur þú áhyggjur af loftslagsmálum?



„Nei, ég get ekki sagt að ég hafi einhverjar sérstakar áhyggjur af því.“

Þórdís Anna Aradóttir



„Já, klárlega. Við þurfum að fara að í aðgerðir sem allra fyrst og hætta að spyrja okkur hvort loftslagsbreytingar séu raunverulegar og spyrja okkur hvað við getum gert. Bæði sem þjóð, fyrirtæki og einstaklingar.“

Tómas Gauti Jóhannsson



„Já, ég hef miklar áhyggjur af loftslagsmálum framtíðarinnar. Til að breyta heiminum þarf maður fyrst að breyta sjálfum sér. Fólk er vonandi að átta sig á því að það þarf ekki allt þetta drasl sem það er að kaupa.“

Andrea Guðrún Hringsdóttir



„Já, ég hef þær. Þetta er eitthvað sem allir eiga að láta sig varða. Snúum við þeirri þróun sem er nú þegar hafin.“

Lovísa Tómasdóttir

Haustrvörurnar eru komnar



gæludýr.is

MYNDIR: EYDÓR ÁRNASON

„Ég má ekkert aumt sjá og mér fannst ég sjá eitthvað aumt í honum“

Hvar sem ég var, var hann líka – Endaði á bráðamót-töku með morfín í æð – Eina leiðin að flýja land

Íris Hauksdóttir
iris@dv.is



Alma Dögg Torfadóttir hefur þurft að þola stöðuga áreitni af hálfu eltiðrellis í um átta ára skeið. Þrátt fyrir síendurtekin afskipti lögreglu, nálgunarbönn og vistun á geðdeild heldur maðurinn upp-teknum hætti. Hún hefur nú flúið land. Með sögu sinni vill Alma beina sjónum að þeirri sorglegu

staðreynd að nálgunarbann er aðeins orð á pappír.

„Þetta byrjaði í desember 2011 en þá var ég nýbúin að kynna barnsföður mínum,“ segir Alma sem vann á þeim tíma hjá Olís á Akranesi. Maðurinn var fastakúnni þar en fyrirtækið sem hann vann hjá var í viðskiptum við Olís. „Hann krafðist þess alltaf að ég afgreiddi hann sem mér fannst í fyrstu sjálfsagt mál. Ég má ekkert aumt sjá og mér fannst

ég sjá eitthvað aumt í honum. Ég var alltaf almennileg við hann og þótti í raun vænt um að einhver héldi svona mikið upp á mig. Svo gerðist það að ég vaknaði einn morguninn með símann fullan af skilaboðum úr númeri sem ég þekkti ekki. Þetta voru löng skilaboð en ég man sérstaklega eftir því að þar stóð „sæta“. Eftir að hafa flett númerinu upp sá ég að þau voru frá honum en ég taldi að hann hefði verið drukk-

inn þegar hann sendi þau. Viðvera hans á vinnustað mínum jókst svo með hverjum deginum – hvar sem ég var, var hann líka. Skilaboðin urðu dagleg en á þessum tíma bjó ég hjá barnsföður mínum. Fljótlega fórum við að taka eftir bílnum hans fyrir utan íbúðina, þar sat hann og reykti í marga klukkutíma, starandi inn um gluggann. Við pældum lítið í þessu fyrst, en hann tilkynnti svo barnsföður minn til lögreglunnar.

Hann vildi meina að ég væri í gíslingu hjá honum og það um að athugað yrði með mig, enda væri ég konan hans og ætti ekkert að vera þarna. Lögreglan tók ekki mark á þessu enda er hann þekktur fyrir að áreita konur, þó aldrei í jafn langan tíma og mig. Með tím- anum varð hann ágengari, sendi mér stöðugt skilaboð og elti mig hvert sem ég fór. Hann var bók- staflega alls staðar þar sem ég var. Í fyrstu vorkenndi ég honum, en

eftir því sem hann kom oftar upp í vinnu varð þetta æ óþægilegra. Hann kom ekki endilega til að spjalla, því hann á mjög erfitt með að eiga í samskiptum við mig. Í hvert sinn sem hann reynir að tala við mig titrar hann og grætur.“

Atburðarásin eins og í bíómynd

Í nóvember 2012 fór maðurinn svo að áreita vinkonu Ölmú, senda henni skilaboð og krefjast svara um afskiptaleysi Ölmú. Vinkonan reyndi að gera manninum ljóst að hann væri með þráhyggju og þyrfti að leita sér hjálpar, en hann þvertók fyrir það þótt hann viðurkenndi að ganga stundum oft langt í samskiptunum. Alma á skrásett skilaboð frá júní 2013 til febrúar 2016 þar sem maðurinn reynir sleitulaust að setja sig í samband við hana. Skilaboðin eru ávallt á þá leið að hann sé góður maður og vilji henni vel. „Ég eignaðist son minn 2. apríl 2015 og fyrstu mánuðina eftir fæðingu hans bjó ég hjá foreldrum mínum því ég einfaldlega treysti mér ekki til að búa ein með hann. Á þessum tíma var hann að senda þeim skilaboð í tíma og ótíma en þau ákváðu að segja mér ekki frá því til að koma mér ekki í upp-nám. Skilaboðin voru alltaf þau sömu, beiðni hans um að hitta þau og mig til að gera hreint fyrir sínum dyrum. Þegar þau misstu þetta svo óvart út úr sér brást ég hin versta við, enda eru skilaboð eina leiðin fyrir mig til að fá nálgunarbann. Ég sendi honum skilaboð þess efnis að við ættum að funda og loka þessu í eitt skipti fyrir allt. Tveimur dögum síðar hittumst við fjögur í sjoppu á Akranesi. Ég leit á það sem tækifæri til að gera hreint fyrir mínum dyrum því þetta var hið furðulegasta mál. Hver lendir í því að einhver maður fái svona mikla þráhyggju, þetta er eins og bíómynd. Ég gekk þarna á hann og spurði hann hreint út: hef ég einhvern tímann verið með þér? Gefið þér undir fótinn? Gert eitthvað til að ýta undir að þú komir svona fram við mig? Hann svaraði öllu neitandi, talaði bara í hringi, grét, stamaði og svitnaði. Að endingu stóð pabbi á fætur og sagðist ætla að taka í höndina á honum upp á að hann léti dóttur sína í friði. En þetta var bara byrjunin.“

Skilaboðin mín eina vörn

Áttaðir þú þig strax á að skilaboðin væru þín eina vörn?

„Já, ég gerði það, bæði ég, vinkonur mínar, barnsfaðir og foreldrar vorum öll búin að fara til lögreglunnar og tilkynna hann.



Það eina sem ég hafði var að ég hafði haldið skilaboðunum. Mig langaði alltaf að blokka hann, en þá hefði ég ekki þetta mál sem ég hef núna. Ég blokkaði hann á öllum samfélagsmiðlum, en hélt í smáskilaboðin. Hann er samt óþreytandi að búa til nýja aðganga og senda mér vinabeidnir,“ segir Alma og sýnir dæmi um fimm mismunandi Facebook-reikninga.

„Hann vill svo mikið leiðrétta að hann sé ekki eltihrællir og sé ekki að áreita mig, en gerir sér ekki grein fyrir því að þetta er að áreita. Hann talar jafnframt mikið um að hann vilji skaða sig og hefur reynt það ítrekað. Í kjölfarið hefur hann verið vistaður á geð-

deild. Á einum tímapunkti kom lögreglan á Akranesi þeirri spurningu frá honum til mín hvort ég væri opin fyrir því að tala við hans geðlækni svo hann gæti útskýrt stöðuna fyrir mér á fagmáli. Ég samþykkti það enda vil ég gera allt sem í mínu valdi stendur til að loka þessu á sem skynsamlegastan hátt. Ég fékk þó aldrei símtalið frá geðlækninum.“

Sprautaður niður

Árið 2017 segir Alma hafa reynst henni sérstaklega erfitt. Hún var þá flutt frá barnsföður sínum og bjó ásamt syni sínum á nýjum stað. Fljótlega fór kunnuglegur bíll að sjást ítrekað fyrir fram- an blokkina. „Ég gekk á alla íbúa

í blokkinni og spurði hvort einhver væri að umgangast þennan mann, en enginn kannaðist við það. Kvöld eitt var ég svo að koma heim frá foreldrum mínum og sá bílinn hans á staðinu, ég athugaði ekki hvort hann væri í bílnum en seinna um kvöldið fór ég aftur út. Ég keyrði af stað og sá strax að hann elti mig. Þegar ég svo stoppaði í lúgusjoppu steig hann út úr bílnum sínum, gekk að bílnum mínum og staðnæmdist fyrir framan bílrúðuna eins og til að ógna mér. Ég brunaði heim og beið við eldhúsgluggann. Ég þurfti ekki að bíða lengi því hann var mættur á staðið skömmu síðar. Ég rauk út og sagði honum að snáfa burt en hann sagðist vera

Í miðju taugaáfalli ertu ekki í neinni tengingu við raunveruleikann

að koma til að hitta vin sinn sem byggir í blokkinni. Hann ruddist fram úr mér og upp á efri hæðina þar sem meintur vinur átti heima. Ég hringdi í kjölfarið í mömmu sem kom strax ásamt bræðrum mínum, við hringdum svo saman á lögregluna sem kom líka. Við fórum öll upp og manninum brá mjög að sjá okkur, svo mikið að hann læsti sig inni hjá manninum sem þar bjó. Að endingu þurfti að kalla til lækni sem sprautaði manninn niður. Síðar um nóttina drakk hann svo ofan í lyfin og endaði með að ónáða bæði lögreglu og Neyðarlínuna.“

Nálgunarbannið ítrekað brotið

Alma hefur ekki tölu á þeim sálfræðimeðferðum sem hún hefur þurft að sækja í kjölfar áreitinnar en stóran hluta ársins dvaldi hún hjá Kvíðameðferðarstöðinni. Hún segir síður en svo hlaupið að því að fá nálgunarbann í gegn en það tókst henni loks í árslok 2017. „Ég vann á þessum tíma í bænum en bjó á Akranesi. Ég fór að taka eftir bílnum hans við Hvalfjarðargöngin, Reykjavíkurmegin, þar sem hann beið eftir mér á hverjum morgni og elti mig svo. Ég náði því í eitt skipti á myndband þegar hann brunaði á eftir bílnum mínum. Staðreyndin er sú að maður verður að hafa allar svona sannanir svo eitthvað sé gert í málinu. Á afmælisdaginn minn, 16. október, fékk ég nálgunarbann, en ekki fyrir son minn. Maðurinn þarf að halda sig í fimmtíu metra fjarlægð frá mér og má ekki hafa samband við mig með neinum hætti. Ég hef tvisvar fengið svona nálgunarbann á hann en hann hefur brotið það í bæði skiptin.“

Ári síðar flutti Alma til Reykjavíkur með páverandi kærasta og bjó með honum ásamt sonum ►



Látið okkur um rekstur húsfélagsins

Við sérhæfum okkur í umsjón með rekstri húsfélaga og bjóðum trausta og faglega þjónustu á góðu verði.

Hafðu samband og fáðu tilboð strax í dag!



**„Þarna
hellstist yfir
mig
hræðslan,
hann vissi
hvar ég átti
heima og á
hvaða leik-
skóla son-
ur minn
var“**

Þeirra úr fyrri samböndum. „Þarna var hann aðeins farinn að hægja á sér í skilaboðunum og ég hafði ekki séð hann lengi, sem var mikill léttir. Dag nokkurn var ég svo að ganga heim með strákana okkar úr leikskólanum þegar ég sé bíl keyra löturhægt fram hjá. Hann var kominn á nýjan bíl sem var ástæða þess að ég hafði ekki orðið vör við hann fyrr, en ég var ekki nógu fljót að kippa símanum upp og taka mynd. Ég mundi þó bílnúmerið og tilkynnti strax til lögreglu. Þarna helltist hræðslan yfir mig,

hann vissi hvar ég átti heima og á hvaða leikskóla strákurinn minn var. Ég hafði skipt um símanúmer og reynt allt til að fela slóð mína en foreldrar verða auðvitað að vera með skráð lögheimili fyrir börnin sín, sem auðvelt er að fletta upp í Þjóðskrá. Í kjölfarið sýndi ég starfsfólki leikskólans myndir af honum og nú þarf starfsmaður að ganga hring í kringum leiksvæðið áður en sonur minn fer í útiveru. Það er svo hræðileg tilfinning að hafa engin völd, það skiptir engu máli hvar ég er, hann er alltaf nálægt mér.“

hringa. Ég var komin með svefnrofalömun sem lýsir sér þannig að maður vaknar og upplifir sig alveg lamaða. Mér fannst ég alltaf heyra fótatak og tilfinningin sem hellist yfir er, „ég get ekki varið barnið mitt“. Ég vissi að hann var alltaf í kringum mig, hann hékk í stigaganginum á næturnar og sendi mér stöðug skilaboð.“

Alma segist þó ekki hafa gert sér grein fyrir að um taugaáfall væri að ræða en hún endaði á bráðamóttöku með morfín í æð. „Ég fann svo hræðilega til í öllum líkamanum og lækarnir sendu mig í heilaskanna. Ég var með svo rosalegar bólgur. Þetta lýsir sér í raun eins og ofsakvíðakast, maður grætur bara og skilur ekki af hverju maður er að gráta. Ég hef verið á kvíðastillandi lyfjum síðan 2015 og því fannst mér óskiljanlegt að ég væri að fá svona stórt kvíðakast, en í miðju taugaáfalli ertu ekki í neinni tengingu við raunveruleikann.“

Andlega hliðin í rúst

Og Alma segir það hafa verið þung skref að ganga inn á geðdeild og biðja um hjálp. „Það er erfitt að vera móðir sem er ekki með hausinn í réttu ásigkomulagi vegna óstjórnlegs ótta um að það sé maður þarna úti sem vilji gera okkur mein. Það var ekki fyrr en ég byrjaði með fyrrverandi kærustu minni að ég fór loksins að geta sofð. Ég vissi að þótt ég myndi vakna í lómunarástandi myndi hún geta hjálpað okkur. Það var svo erfitt að vita að ég gæti ekki farið ein með son minn vegna hans. Og þrátt fyrir að hann hafi ekki sýnt mér ógnandi hegðun er það þannig með flesta á einhverju rófi að það klikkar eitthvað í hausnum og eftir átta ár er það augljóslega það næsta sem gerist. Það versta er að upplifa hvað nálgunarbann hefur lítið að segja. Þegar hann brýtur það er hann boðaður í skýrslutöku og ekkert meira. Þótt hann hafi aldrei meitt mig hefur hann rústað andlegu hliðinni en það skiptir engu máli því það sjást engir áverkar á mér. Ég er föst í einhverjum kassa sem ég kemst ekki úr og ég er logandi hrædd í honum. Það felst engin vörn í því að sveifla nálgunarbanni og eftir það er gæsluvarðhald en til að komast þangað verður hann að ganga í skrokk á mér. Eflögregla, geðlæknir og sálfræðingar geta ekki hjálpað, hver

getur það þá? Að því sögðu er ég ákaflega þakklát fyrir allt sem lögreglan hefur gert til að hjálpa mér, en það er sorgleg staðreynd að lögin bjóða ekki upp á betri vörn en þetta.“

Eina leiðin að flýja land

Alma segir fæsta gera sér í hugarlund alvarleika málsins fyrr en þeir upplifi áreitnina sem umlykur hennar daglega líf. „Fólk trúir sjaldnast hversu alvarlegt þetta er og þannig var það með fyrrverandi kærustuna mína. Henni brá rosalega að upplifa þetta beint og tók í kjölfarið svolítið við keflinu. Hún hefur verið með hann á línunni meira og minna síðan og hefur reynst mér rosalegur stuðningur. Hann óskaði eftir því að við hittumst á geðdeild, þar sem hann var vistaður, ásamt sálfræðingi. Ég samþykkti það til að reyna að hjálpa honum. Manni sem er búinn að eyðileggja líf mitt reyni ég að hjálpa. Ég krafðist þess að fá annað hvort að taka upp fundinn eða sálfræðingurinn myndi skila mér greinargerð sem var samþykkt. Sálfræðingurinn útskýrði fyrir manninum að hann þyrfti að hætta þessum samskiptum við mig og ég lofaði að reyna bæta mannorð hans á Akranesi. Við tókumst í hendur upp á það, en sjö tímum síðar sendi hann næstu skilaboð. Ég sá aldrei þessa greinargerð.“

Að endingu var Alma send í veikindaleyfi frá vinnu og sér hún ekki fram á að verða hæf til vinnu í náninni framtíð. Hún hefur nú flúið land ásamt syni sínum og gefur af augljósum ástæðum ekki upp núverandi aðsetur sitt. „Ég er svo andlega búin á því að ég get ekki unnið. Síðustu mánuðir hafa verið mjög erfðir en eftir átta ár við að reyna hjálpa honum ætti ég kannski frekar að fara hugsa um sjálfa mig. Eflaust þarf ég að fara í gegnum aðra áfallahjálp til að reyna að hætta að vera meðvirk með eltihrællinum mínum. Með því að stíga fram og segja sögu mína langar mig að aðstoða stelpur í svipuðum sporum. Ég veit hvaða skref þarf að taka og hvernig útbúa skal skýrslur, því þetta er allt sem maður þarf að standa í sjálfur. Þetta er eitthvað sem ég brenn fyrir og í framtíðinni mun ég nýta þessa reynslu til að hjálpa öðrum.“ ■



Húsfélagapjónusta

Leiðandi í hagkvæmni og
rekstri húsfélaga

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundir
- ✓ MÍNAR SÍÐUR
- ✓ Þjónustusaga húss
- ✓ Önnur þjónusta



• EIGNA *umsjón*

www.eignaumsjon.is

Suðurlandsbraut 30 • Sími 585 4800

„Hafi skólameistari skömm fyrir“

■ Umdeildur skólameistari ■ Erfiðleikar í samskiptum og óánægja starfsmanna

Erla Dóra
erladora@dv.is



Ágúst Elín Ingbórsdóttir, skólameistari Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi (FVA), freistar þess nú að vera skipuð aftur í embætti skólameistara við FVA og hefur jafnframt kært þá ákvörðun Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra að auglýsa starfið.

Frá því að Ágústa tók við embættinu hefur hún mætt harðri gagnrýni fyrir stjórnunarhætti sína og framkomu við undirmenn. Meðal annars hefur ríkið þurft að greiða ríflega fimm milljónir króna í bætur og málskostnað til fyrrverandi aðstoðarskólameistara sem Ágústa vék úr starfi án þess að fylgja réttum verkferlum.

„Hafi skólameistari skömm fyrir“

Ágústa Elín var skipuð skólameistari frá og með 1. janúar 2015 til fimm ára. Fljótlega eftir að hún tók við embættinu sagði hún upp sjö ræstingakonum sem störfuðu við skólann. Skólinn hafði verið rekinn með töluverðum halla árin á undan og voru þessar uppsagnir liður í tilraun Ágústu Elínar til að rétta úr kútnum. Verkalýðsfélag Akraness gagnrýndi uppsagnirnar harðlega. Í yfirlýsingu vegna málsins á heimasíðu félagsins frá 13. maí 2015 segir að það sé „dapurlegt og núturlegt til þess að vita að á sama tíma og kennarar fengu 30 prósent launahækkun sé krafist launalækkunar hjá ræstingarfólki skólans. Þær konur sem þarna um ræðir hafa

starfað þarna í allt að 30 ár við góðan orðstír.“

Kennarar skólans mótmæltu einnig uppsögnunum og á fundi starfsmanna FVA var samþykkt ályktun þar sem starfsmenn mótmæltu uppsögnunum formlega og skoruðu jafnframt á Ágústu að draga þær tafarlaust til baka. Fráleitt væri að gera starfsfólk í ræstingu ábyrgt fyrir halla skólans.

Í samtali við Skessuhorn sögðu ræstingakonurnar uppsagnirnar vera núturlega sumargjöf og Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness gerði uppsagnirnar að umfjöllunarefni á baráttufundi félagsins þann 1. maí 2015 þar sem hann sagði: „Hafi skólameistari skömm fyrir þessa framgöngu og skora ég á hann að draga þessar uppsagnir tafarlaust til baka og leita annarra leiða til að fara í vasa íslensks lágtekjufólks til hagræðingar.“

Kom fram við staðgengil sem aðstoðarmann

Í mars á þessu ári féll dómur Landsréttar í máli Hafliða Páls Guðjónssonar, fyrrverandi aðstoðarskólameistara FVA, gegn ríkinu. Kærði hann þar ákvörðun Ágústu Elínar að víkja honum fyrirvaralaust úr starfi aðstoðarskólameistara árið 2015, sem hann hafði aðeins nýlega tekið við, sem og úr kennarastarfi við skólann, en hann hafði unnið þar frá árinu 1998. Bæði héraðs-



Umdeildur skólameistari Skjaskot/RÚV



Lilja Alfreðsdóttir

dómur og Landsréttur komust að þeirri niðurstöðu að uppsögn Hafliða hefði verið ólöglegt, bæði hvað varðaði aðstoðarskólameistarastöðuna sem og kennarastöðuna.

Greindi Hafliða og Ágústu á um hvað fælist í því að vera aðstoðarskólameistari. Hafliði lagði hefðbundinn skilning í starfið, það er staðgengill skólameistara, en Ágústa Elín virtist fremur telja að Hafliði væri aðstoðarmaður hennar sem ætti að vera henni innan handar í hverju því verki sem henni dytti til hugar að fela honum.

Skólanefnd FVA efast um að rétt hafi verið staðið að ráðningu Ágústu

Í október 2015, skömmu eftir að Hafliða Páli var víkið úr starfi, ritaði Reynir Eyvindsson, formaður skólanefndar FVA, pistil þar sem hann rakti aðkomu skólanefndar að ráðningu Ágústu Elínar. Í pistl-

inum gagnrýndi hann að menntamálaráðuneyti hefði bannað skólanefnd að boða umsækjendur í viðtal heldur var þeim gert að byggja afstöðu sína alfarið á fyrirbyggjandi gögnum. Nefndin mátti ekki einu sinni hafa samband við umsækjendur til að afla viðbótargagna eða upplýsinga. Á pappírnum voru Ágústa Elín og einn annar umsækjandi talin hæfust. Í kjölfar þess að Ágústa var ráðin sendi skólanefnd kvörtun til ráðuneytisins yfir ráðningarferlinu. „Það einkenndist allt af seinangangi og skorti á upplýsingum. Þessa kvörtun sendum við aftur 23. maí. Hvorugu erindinu var svarað.“ Kennarafélagið hafi einnig kvartað yfir Ágústu án þess að ráðuneytið gripi til aðgerða. Félagið kvartaði svo aftur eftir að Hafliða var víkið úr starfi og þá loks hafi borist viðbrögð frá ráðuneytinu. Reynir kvæðst þó í pistlinum aðeins vera hóflega bjartsýnn á að tekið yrði á málinu af festu.

Svört skýrsla um faglega forystu

Árið 2017 var gerð úttekt á starfsemi FVA fyrir menntamálaráðuneytið. Þar segir meðal annars í niðurstöðum: „Ágreiningur er innan FVA um faglega forystu skólameistara“, „Augljós núningur er á milli formanns nefndarinnar [skólanefndarinnar] og skólameistara.“

Í úttektinni kom einnig fram að menntamálaráðuneytið hefði brugðist við kvörtunum og stríðsástandinu í FVA með því að láta gera vinnusálfræðilega úttekt á ágreiningsmálum og með því að skipa svonefnda stjórnunarráðgjafa til að aðstoða Ágústu við að leysa samskiptavanda. Þrátt fyrir þessar aðgerðir segir í úttektinni: „Þrátt fyrir margvíslega ráðgjöf um aðgerðir og umbótaáætlun í mars 2016 tókst ekki að lægja öldur“ og „Átök síðustu ára hafa sett sinn svip á skólastarfið og ímynd skólans hefur skaðast til skemmri tíma lítið“. Af skýrslunni er ljóst að þó svo að samskiptaerfiðleikar hafi dvínað, þá voru þeir enn til staðar þegar skýrslan var rituð. Hins vegar er tekið fram í skýrslunni að um leið og Ágústa tók við embætti hafi hún ráðist í hagræðingaraðgerðir sem voru ekki vinsælar meðal starfsmanna en báru þó þann árangur

ur að skólinn var ekki lengur rekinn með halla strax eftir fyrsta ár hennar í starfi. Í skýrslunni kom einnig fram að FVA hefði einnig komið illa út í könnun SFR á Stofnun ársins, en FVA hafnaði þar í næstsíðasta sæti.

Ágústa sendi ráðuneytinu athugasemdir vegna skýrslunnar þar sem hún hafnaði mestallri þeirri gagnrýni sem sett var fram í henni. Nokkrir starfsmenn innan skólans hafi magnað upp ástand sem hafi þegar verið til staðar í skólanum, áður en hún tók við stöðunni. Andstaða við hana hafi verið skipulögð af nokkrum starfsmönnum strax eftir að Ágústa var ráðin. Einnig benti hún á að varðandi fullyrðingu um að átök hefðu sett svip á skólastarf og skaðað ímynd, að þarna væri um huglægt mat úttektaraðila að ræða og beinlínis rangt. Efaðist hún jafnframt um að hægt væri að mæla ímynd skóla.

Tengsl inn í ráðuneytið

Áður en Ágústa varð skólameistari FVA hafði hún starfað í ríflega áratug í Borgarholtsskóla. Ólafur Sigurðsson var þá skólameistari en hafði sagt starfi sínu lausu og tekið við stjórnunarstöðu hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti þegar Ágústa Elín var skipuð í starf, en það er menntamálaráðuneyti sem tekur endanlega ákvörðun um ráðningu skólameistara. Ólafur sá einnig um samskipti við lögmann aðurnefnds Hafliða Páls fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis í aðdraganda málsóknarinnar.

Tilkynning degi of seint

Nú hefur Ágústa Elín kært ákvörðun menntamálaráðherra um að auglýsa stöðu skólameistara FVA. Hefði henni átt að berast tilkynning fyrir þann 30. júní á þessu ári um að slíkt yrði gert. Hins vegar hafi tilkynning ekki borist fyrr en 1. júlí. Reyndar hefði Lilja hringt í Ágústu þann 30. júní, sem var sunnudagur, en formlegt bréf ekki borist fyrr en 1. júlí í tölvupósti og svo 4. júlí í ábyrgðarpósti. Ágústa telur því að skipun hennar eigi sjálfkrafa að framlengjast í fimm ár til viðbótar, eða til 2025. Lilja Alfreðsdóttir hefur vegna þessa ákveðið að taka ekki þátt í ráðningarferlinu. ■

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

VIÐ KYNNUM NÝTT ÚR FRÁ
JS WATCH CO. REYKJAVÍK
Vinland Gmt



Fyrir nútíma landkönnuði

Vínland úrið er tilvalið fyrir þá sem ferðast mikið eða þurfa að vita tímann á tveimur stöðum í einu. Úrið kemur með innbyggðri skífu þar sem hægt er að stilla tímann á hvaða land eða borg sem er í heiminum.

Úrið kemur í 41 mm stálkassa með safír gleri að framan og aftan. Hægt er að velja um silfur skífu, bláa skífu eða svarta skífu. Úrið er með Svissnesku hágæða sjálftrekktu gangverki með 65 tíma hleðslu og GMT vísí, 5 ATM vatnsvörn og hægt er að velja um krókódílaól, eðluól eða stálól á úrið.

JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra. Úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100

JS Watch co.
REYKJAVÍK

„ÞESSIR MENN ÆTTU ALDREI AÐ

■ DV ræðir við foreldra barna sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi ■ Þurfa að hitta n

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Þú ert foreldri. Einn daginn kemstu að því að barnið þitt hefur verið misnotað kynferðislega. Kærufæri fer í gang, gerandinn er ákærður og sakfelldur, fer í fangelsi. Eftir nokkra mánuði, kannski ár, er niðingurinn laus. Sá sem braut á barninu þínu er einhvers staðar þarna úti í samfélaginu og þú veist aldrei nema þú rekist á hann í röðinni í Bónus, á bensinstöðinni, á biðstofunni hjá læknum. Upp vaknar sú eðlishvöt sem innbyggð er í flestallar lífverur; að vernda afkvæmi sitt með kjafti og klóm. En á það ekki að vera hlutverk yfirvalda að vernda almenning fyrir mönnum sem taldir eru hættulegir umhverfi sínu?

DV hefur undanfarnar vikur kortlagt búsetu dæmdra barnaniðinga á Íslandi. Líkt og fram hefur komið þá hafa margdæmdir barnaniðingar hér á landi fullan rétt á því að búa nálægt börnum. Margir þeirra grípa til þess ráðs að breyta um nafn til að forðast ofsóknir. Víða erlendis eru í gildi lög um tilkynningarskyldu til almennings um dæmda kynferðisafbrotamenn sem hætta er talin stafa af, til að mynda í Bretlandi þar sem lög heimila miðlun á upplýsingum um kynferðisbrotamenn í tilteknum tilvikum.

Í Bandaríkjunum eru dæmdir kynferðisbrotamenn lagalega skyldugir til þess að gefa sig fram við löggæslufirvöld í sinni borg eða bæjarfélagi eftir að afplán-



Hrædd um fleiri brot Halldóra á barn sem var misnotað kynferðislega og óttast að niðingurinn brjóti af sér aftur.

MYNDIR: EYVÓRÁRNASON

un refsingar lýkur. Í kjölfarið fara umræddir brotamenn á lista sem er aðgengilegur almenningi. Viðkomandi einstaklingur þarf að

gefa yfirvöldum upplýsingar um heimilisfang sitt og persónulega hagi og gefa sig fram við lögreglu árlega, hafi hann fasta búsetu.

Engin slík tilkynningarskylda ríkir á Íslandi en frumvarp til laga-breytinga sem varðar eftirlit með dæmdum barnaniðingum var lagt fram í þriðja sinn nú á dögum. Flutningsmaður frumvarpsins er Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins. Nái frumvarpið fram að ganga þurfa barnaniðingar sem beinlínis eru taldir eru hættulegir umhverfi sínu að gangast undir vissar kvaðir. Til að mynda yrði þeim bannað að búa nálægt börnum, eftirlit yrði með netnotkun þeirra og lögregla mundi hafa eftirlit með heimili þeirra. Þá er gert ráð fyrir í frumvarpinu að barnaverndarnefndir og aðrir viðkomandi aðilar verði upplýstir þegar dæmdur barnaniðingur flytur búferlum.

Gerandinn býr á móti grunnskóla

„Mér finnst það klárlega varða almannahagsmuni að um þennan mann sé vitað. Hann býr í námunda við skóla og börn eiga alltaf að njóta vafans“, segir ungur faðir á höfuðborgarsvæðinu en barnung dóttir hans varð fyrir því að nákominn einstaklingur braut á henni kynferðislega. Maðurinn var einnig gripinn með töluvert magn af gröfu barnaklámi í fartölvu sinni. Fyrir dómi var það virt gerandanum til refsilækkunar að hann játaði brotin og hefði leitað sér aðstoðar. Hann hlaut að lokum 12 mánaða fangelsi, skilorðsbundið.

Gerandinn býr í dag skammt frá grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Faðirinn segist alls ekki

geta útilokað að gerandinn sé líklegur til að brjóta kynferðislega á fleiri börnum. Hann telji að alltaf sé ákveðin hætta á að svona menn brjóti aftur af sér.

Þegar dómur féll yfir gerandanum á sínum tíma var dómsskjalid ekki birt á vefsíðu dómstólanna og upplýst að ekki stæði til að birta dóminn. Faðirinn segist hafa haft samband við fulltrúa héraðsdóms í kjölfarið og spurst fyrir um hvernig á þessu stæði. Benti hann meðal annars á að dómurinn væri þannig orðaður að með engu móti væri hægt að rekja hver brotapolinn væri. Þá mætti færa rök fyrir því að nafnleynið yfir ákærða myndi ekki leiða af sér annað en þöggun og leynd yfir brotum mannsins. Í kjölfarið var dómurinn birtur á vefnum, en nafn gerandans kom þó ekki fram. Faðirinn gagnrýnir að það sé ekki hægt að ganga að því vísu að gerandinn sé kynferðisbrotamálum séu nafngreindir í opinberum dómsgögnum og að það sé með ólíkindum að hann hafi þurft að knýja á um að dómurinn yrði yfirhöfuð birtur þótt nafn gerandans kæmi reyndar ekki fram.

„Ég er á því að nafn hans hafi átt að birtast í dómnum. En það breytir svo sem engu um það að þessi maður hefur verið dæmdur og fyrir það getur enginn þrætt. Það mega og eiga allir að vita og því ekkert að því að tala um það né fjalla um það. Það sem angrar mig mest er að það skuli ekki vera fyrirsjáanlegt, þegar þessi mál rata fyrir dóm, hvernig niðurstöður þeirra eru kynntar almenningi. Það á ekki að

Hautvörurnar eru komnar

gæludýr.is

Fiskislóð • Bíldshöfði • Smáratorg • Helluhraun
www.gaeludyr.is

“DÚ FÁ AÐ BÚA NÁLÆGT BÖRNUM“

Íðinga barna sinna úti á götu ■ Margdæmdur barnaníðingur býr beint á móti sundlaug



Finnur ekki ró
„Ég held að ég muni alltaf koma til með að hafa áhyggjur af því að hann sé enn að,“ segir Sædís.

vera á valdi einhvers eins dómara, sem gæti þess vegna verið gamall skólafélagi gerandans eða pólitískt tengdur honum, hvort dómur og nöfn gerenda séu birt. Svona geðþóttaákvæðanir dómara vekja óhjákvæmilega upp kenningar um að verið sé að þagga málin niður eða halda hlífiskildi yfir gerendum. Birting nafns gerenda þarf alls ekki að leiða til þess að hulu sé svipt af því hver brotapolí sé, slíkt geta dómarar tryggt með viðeigandi orðalagi dómanna, það eru jú þeir sem skrifa þá. Mér finnst að í þessum málum eigi að ríkja gagnsæi og fyrirsjáanleiki, því upplýsingar um dæmda kynferðisafbrotamenn og barnaníðinga eiga óumdeilanlega erindi við almenning.“

Talaði sjálfur við skólayfirvöld
Líkt og áður segir býr gerandinn í næsta nágrenni við grunnskóla. Faðirinn hafði sjálfur samband við skólastjórnendur á sínum tíma og lét vita af manninum. Hann tekur undir að það eigi ekki að vera hlutverk almennra borgara að upplýsa skólayfirvöld um slíkt, en hann hafi séð sig knúinn til þess þar sem þau yfirvöld sem um mál sem þessi fjalla hafi ekki verið skýr varðandi það hvort þeim bæri að upplýsa skólann.

„Ég myndi vilja sjá einhvers konar eftirlit, en það er auðvitað hægt að útfæra það á ýmsa vegu.

En ég myndi vilja sjá það gert, sérstaklega þegar menn eru taldir líklegir til að brjóta af sér aftur og ef það eru börn á heimilum þeirra. Markmiðið er alltaf að vernda börnin okkar.“

Braut gegn fimm stúlkum
Hér á eftir er rætt við tvær konur, mæður stúlkna sem voru beittar kynferðisofbeldi af sama manninum.
Sveinn Ríkharðsson, kallaður Dinni, var árið 2000 dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn fjórum stúlkum á aldrinum fimm til átta ára. Ein þeirra er dóttir Halldóru og önnur er dóttir Sædísar.

Þetta var ekki fyrsta brot Sveins; árið 1984 hlaut hann átta mánaða fangelsisdóm fyrir að brjóta kynferðislega á tíu ára gamalli þroskaskertri stúlk. Sex mánuðir voru bundnir skilorði. Þess ber að geta að þegar dómur féll í seinna málinu var Sveinn grunaður um að hafa brotið gegn fleiri börnum, meðal annars syni sambýliskonu sinnar. Hins vegar voru ekki nægileg gögn til staðar til að sakfella hann.

Sveinn er í dag búsettur í Hafnarfirði, beint á móti sundlaug. Hann hefur undanfarin misseri unnið sem bílstjóri hjá hinum og þessum fyrirtækjum.

Hitti níðing dóttur sinnar á Reykjalundi

Sædís Hrönn Samúelsdóttir er móðir einnar stúlkunnar sem Sveinn var dæmdur fyrir að brjóta á kynferðislega, frá því hún var fjögurra ára þar til hún var sex ára. Sveinn var vinur og skipsfélagi þáverandi eiginmanns Sædísar og var um tíma inni á gaffli hjá fjölskyldunni. Daginn fyrir sex ára afmæli dóttur sinnar voru Sædís og eiginmaður hennar boðuð á fund barnaverndarstarfsmanns. Í ljós kom að Sveinn hafði misnotað dóttur þeirra, og fleiri barnungar stúlkur.

„Ég held að ég muni alltaf koma til með að hafa áhyggjur af því að hann sé enn að,“ segir Sædís. Henni finnst skelfilegt að hugsa til þess að Sveinn sé eftirlitslaus úti í samfélaginu, og enginn skipti sér af því að hann fái að búa beint á móti sundlaug. „Þetta er mjög sjúkt því fjöldi barna sækja þessa sundlaug. Þar á meðal 10 ára gömul dóttir mín.“

Hún segist einu sinni hafa hitt Svein.

„Það var árið 2016, þegar ég átti að byrja í endurhæfingu á Reykjalundi eftir hjartaáfall. Þá var hann á sömu deild í endurhæfingu. Það var eins og ég hefði verið kýld í magann og öll reiðin, sem ég hélt að hefði eitthvað lægt, kom öll aftur til baka. Ég held að ég verði alltaf reið.“

Kerfið svifaseint
Þegar Sædís leitaði svara á sínum tíma var henni tjáð að hún „mætti vera fegin að maðurinn hefði verið dæmdur á annað borð“.

„Mér finnst dómar allt of stuttir, sérstaklega þegar um er að ræða sífbrotamenn með mörg fórnarlömb. Það er sjaldan sem svona mál ná alla leiðina í kerfinu. Einhverra hluta vegna er eins og það sé ekki tekið eins hart á málunum þegar konur og börn eru fórnarlömbin. Mér hefur alltaf fundist að það þurfi að vera einhvers konar eftirlit með dæmdum níðingum, en ég veit þó ekki hvernig væri best að útfæra það. Það á að láta fólk vita ef það er talin hætta á að börn hljóti skaða af þeim. Ég geri greinarmun á hvort það sé eitt eða fleiri fórnarlömb og líka aðstæðum og fleira. Ég veit bara að hefði verið einhvers konar eftirlit með þessum mönnum eftir afplánun þá hefði dóttir mín og hugsanlega fjöldi annarra barna sloppið, því hann hafði áður hlotið dóm.“

Dóttirin fékk sent klámbréf
„Hann er pjúra ógeð og hvorki ég né dóttir mín erum að hlífa honum við neinu. Ég hef mætt honum, til dæmis í Kolaportinu. Ég kallaði upp hástöfum að þarna væri barnaperri á ferð. Ég hika ekki við að gera honum lífið leitt. Svona menn eiga einfaldlega ekk-

ert gott skilið,“ segir Halldóra Eyfjörð.

Dóttir Halldóru var fimm ára gömul þegar hún var misnotuð kynferðislega af Sveini, sem þá var vinur fjölskyldunnar. Fyrri skiptið var á aðfangadag, þegar Sveinn kom með gjöf til hennar. Seinna skiptið var rúmlega tveimur mánuðum síðar, en þá tók Dinni að sér að gæta stúlkunnar á meðan Halldóra fór út. Í ákæru kemur meðal annars fram að hann hafi farið með stúlkunni í bað, þvegið og strokið á henni kynfærin og reynt að setja getnaðarlim sinn inn í leggöng hennar. Einnig sendi hann stúlkunni handskrifað bréf þar sem hann sagðist meðal annars „hlakka til að nauðga henni í rassinn og meiða hana.“

„Þessir menn ættu aldrei að fá að búa nálægt börnum“

Hana hryllir við að vita af manninum úti í samfélaginu, eftirlitslausum og með frelsi til að vera í samneyti við börn.

„Þetta er ömurlegt og erfitt því ég er alltaf hrædd um að hann misnoti önnur börn,“ segir hún og bætir við að þessar áhyggjur hverfi aldrei. Hún hefur því fylgst náið með ferðum Sveins undanfarin ár og veit hvar hann er að vinna hverju sinni. Hún hefur ekki hikað við að láta vinnuveitendur hans á hverjum stað vita af því að þeir séu með dæmdan barnaníðing á launaskrá.

„Ég hef líka fylgst með hvar hann býr. Einu sinni lét ég vita af því að hann byggi í herbergi í stigagangi, innan um mörg börn. Lögregla kom eftir að ég hafði samband við leigusalann. Þeir fóru inn í herbergi hans og fundu þar mikið magn af barnaklámi. Þessir menn halda áfram upp-teknum hætti. Eftirlit þarf að vera mun meira og dómar eiga að vera margfalt þyngri,“ segir Halldóra jafnframt. Hún veit að Sveinn býr í dag á móti sundlaug, þar sem börn koma á hverjum degi. Það finnst henni hrikalegt tilhugsun.

„Þessir menn ættu aldrei að fá að búa nálægt börnum. Mér finnst að almenningur eigi fullan rétt á að vita hvar dæmdir níðingar búa svo fólk geti varið sín börn.“

Bjói „paradís barnaníðinga“

DV hefur reglulega greint frá því að dæmdir barnaníðingar hafi flutt í hverfi þar sem mikið er um barnafjölskyldur.

„Við erum allar logandi hrædd um börnin okkar,“ sagði áhyggjufull móðir í samtali við DV í mars 2006. Greint var frá því að mikill ótti hefði gripið um sig meðal foreldra í Írabakka í Breiðholti eftir að dæmdur barnaníðingur, Sigurður Jónsson, flutti í hverfið. Sigurður hafði áður hlotið árs fangelsi fyrir að misnota tvo drengi. Rétt áður en hann átti að afplána dóminn nauðgaði hann 17 ára pilti, sem var andlega vanheill, ásamt öðrum manni. Félagsþjónusta Reykjavíkur úthlutaði Sigurði íbúðina í ►



Náði sér aldrei
Sonur Ólafar beið þess aldrei bætur að hafa verið misnotaður og leiddist út í drykkju og lyfjamisnotkun á unglingsárum. Hann lést árið 2009.

„paradís barnaníðinga“ eins og ein móðir orðaði það.

Sigurður Kr. Friðriksson, framkvæmdastjóri Félagsbústaða, sagði í samtali við DV á sínum tíma að barnaníðingar ættu ekki að búa í barnablokkum, en hann gæti engu að síður ekkert gert í málinu.

„Mín persónulega skoðun er sú að dæmdir barnaníðingar eiga ekki að vera í sama fjölbýlishúsi og börn,“ sagði Sigurður. Hann sagði að Félagsbústaðir vissu ekki um fortíð manna þegar þeir útvega þeim húsnæði heldur væri það velferðarsvið Reykjavíkur og því væri erfitt fyrir þá að koma í veg fyrir að svona vandamál kæmu upp.

„Strákurinn minn sem er nýbyrjaður í skóla, labbar í hann á hverjum degi. Þetta er þannig hverfi að börnin labba öll í skólann. Mér finnst svakalegt að skólinn hafi ekki látið

okkur vita af þessu,“ sagði Kristján Grétar Kristánsson, áhyggjufullur faðir í Bakkahverfi í Reykjavík, í samtali við DV árið 2009. Þá hafði Ágúst Magnússon, dæmdur barnaníðingur, flutt í hverfið. Kristján sagði foreldra í nágrenninu uggandi og undraðist að þeir hefðu ekki fengið ábendingar um að Ágúst væri orðinn nágranni þeirra.

Níðingurinn bjó áfram í húsinu

Sonur Ólafar Jónsdóttur Pitts var misnotaður kynferðislega af nágranna þegar hann var sjö ára gamall. Hann beið þess aldrei bætur og leiddist út í drykkju og lyfjamisnotkun á unglingsárum. Hann lést árið 2009 eftir að hafa tekið inn of stóran skammt af morfíni. Ólöf og sonur hennar, Einar Már Kristjánsson heitinn, bjuggu á sínum tíma í íbúð á vegum Félagsbústaða

í Breiðholti. Dag einn sagði Einar móður sinni hvað maður í blokkinni hefði gert við hann.

„Hann sem sagt dobbblar Einar inn til sín og lætur hann fá 100 krónur gegn því að fá að snerta hann. sig. Þessi maður lét sjö ára barn fróa sér. Hann lofaði honum síðan að hann mætti fá að horfa á bíómynd gegn því að fá að koma við typpið á honum. Ég fékk áfall.“

Ólöf tilkynnti málið til lögreglunnar og var maðurinn færður til yfirheyrslu hjá lögreglu. Honum var sleppt eftir það. Engin ákæra var gefin út og var málið látið niður falla. Maðurinn fékk að búa áfram í íbúð Félagsbústaða eftir og flutti aftur inn í húsið eftir að honum var sleppt en Ólöf hafði ekki tök á því að flytja með son sinn í burtu fyrir en tveimur árum síðar.

„Það var ekkert gert til að koma

honum í burtu. Ég þurfti að mæta þessum manni í húsinu næstu tvö árin,“ segir Ólöf og bætir við að hún hafi hreinlega ekki haft tök á því að flytja úr húsinu. Henni var að lokum úthlutað nýrri íbúð annars staðar á vegum Félagsbústaða vestur í bæ.

„Við lentum oft í því að hitta manninn í strætó. Einar þrútnaði allur þegar hann sá hann. „Hvernig geturðu horft framan í hann mamma?“ spurði hann mig. Maðurinn reyndi aftur að nálgast Einar mörgum árum seinna. En þá var Einar orðinn fullorðinn maður. Hann lokaði á hann.“

Elti hann heim

Ólöf komst að því fyrir nokkrum árum að maðurinn væri búsettur í úthverfi á höfuðborgarsvæðinu.

„Ég var einu sinni ein í strætó þegar ég sá hann kom inn í vagn-

inn. Ég ákvað að elta hann til að sjá hvar hann ætti heima. Hann tók vagninn alla leið upp í Grafarholt og ég elti hann út úr vagninum og alla leið heim til hans,“ segir hún. „En Einar varð aldrei samur eftir þetta. Hann náði sér aldrei á strik. Á seinni árunum vildi hann ekkert lifa,“ segir Ólöf.

Hún veit ekki hvort gerandinn, maðurinn sem braut á syni hennar, sé enn á lífi í dag. Líkt og áður segir bardist Einar við mikið þunglyndi í kjölfar misnotkunarinnar. Hann lést árið 2009, eftir að hafa tekið inn of stóran skammt af morfíni.

Ólöf ræddi við DV árið 2010, en þá hafði hún komið af stað söfnun fyrir legsteini fyrir son sin með því að selja ljóðabækurnar hans. Einar fann huggun í ljóðaskrifum og tjáði tilfinningar sínar, bæði reiði og gleði, í gegnum ljóðin. ■



EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR
& UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500



HELGARTILBOÐ!

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI



acer NITRO 7 FARTÖLVA

Intel Core i5-9300H örgjörvi, 15,6" FHD IPS skjár og 8GB vinnsluminni.

ACE-NH05FED026

30.000
AFSLÁTTUR

189.995

ÁÐUR 219.995



20.000
AFSLÁTTUR

49.995

ÁÐUR 69.995

CORSAIR

T2 ROAD WARRIOR

Ótrúlega þægilegur, hentar vel fyrir langa spíladaga.

COR-CF9010007WW



8.000
AFSLÁTTUR

16.995

ÁÐUR 24.995

COOLER
MASTER

MASTERKEYS

MK70 Mekanískt leikjalyklaborð með RGB ljósrönd og Cherry MX tökkum.

CM-MK750GKSR1ND



10.000
AFSLÁTTUR

34.995

ÁÐUR 44.995

ASUS

ÞRÁÐLAUS BEINIR

Kraftmikil lausn fyrir fólk sem vill betra þráðlaust net.

ASU-BLUECAVE



40.000
AFSLÁTTUR

109.995

ÁÐUR 149.995

PHILIPS

43" TÖLVUSKJÁR

4K upplausn og Quantum Dot tækni, skilar ótrúlegri litadýpt.

PHS-436M6VBPAB00



25.000
AFSLÁTTUR

59.995

ÁÐUR 84.995

EPSON

EB-980W SKJÁVARPI

Einfaldur en öflugur alhliða skjávarpi.

EPS-EB980W



30%
AFSLÁTTUR AF
MINNISLYKLUM

TÖLVU
LISTINN

Kojukommúnur kúvenda fasteignamarkaðinum

■ Eftir hrun húsnæðiskerfisins í Bandaríkjunum voru góð ráð dýr
■ Verktakar maka krókinn á rándýrum kojum

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Pegar efnahagshrunið reið yfir heiminn hrundi fasteignamarkaður í Bandaríkjunum og fjölmargir misstu heimili sín. Ellefu árum seinna hefur fasteignamarkaðurinn þar í landi ekki náð að koma sér í samt horf. Nýtt stefna hefur hins vegar notið síaukinna vinsælda vestan hafs og minnir um margt á hippakommúnur áttunda áratugar síðustu aldar og verbúðir. Ólíkt því fyrrnefnda er þessi nýja tiskubylgja ekki drifin áfram af hugsjón heldur markaðsöflum. Um er að ræða stórar íbúðir þar sem leigðar eru út kojur til einstaklinga. Þeir sem leigja koju deila baðherbergi og eldhúsi með öðrum kojuleigjendum en á sumum stöðum er fleira innifalið í leigunni, svo sem þrif, kaffi og núðlur.

Koja á 1.000 dollara

Ashley Shannon, 23 ára, er í hópi þeirra sem leigja koju í Los Angeles, en hún losaði sig við allar sínar veraldlegu eigur þegar hún flutti frá Kansas til Los Angeles eftir háskóla. Nú kemur hún öllu sínu hafurtaski fyrir í einni ferðatösku og einum bakpoka og borgar þúsund dollara á mánuði fyrir koju, rétt tæplega 125 þúsund krónur. Hátt verð fyrir eina koju en samt sem áður helmingi lægri leiga en á stúdíóíbúð í Los Angeles. Ashley leigir koju í íbúð sem er í eigu stórfyrirtækisins PodShare. Hún þénar fjórutíu þúsund dollara á ári, tæplega fimm milljónir, sem

aðstoðarkona dáleiddanda.

Fyrirtækið PodShare leigir út 220 kojur á fimm stöðum í Los Angeles og einum stað í San Francisco. Er þetta aðeins eitt af mörgum fyrirtækjum í þessum bransa, sem risu upp úr kreppunni fyrir fólk sem vildi búa miðsvæðis en hafði ekki efni á því, sökum lágra launa og hárra námslána. Sum fyrirtækjanna í kojubransanum segjast hafa verðugri markmið en bara að græða peninga – nefnilega að berjast gegn einmanaleika. Samkvæmt nýrri rannsókn eru 30% ungmenna á aldrinum 18 til 33 ára, svonefndra „millenials“, einmana.

Annað stórt fyrirtæki sem leigir út kojur er Starcity, fyrirtæki sem gerir upp gömul hótél og skrifstofubyggingar í Los Angeles og San Francisco. Það býður upp á einkaherbergi með koju fyrir á bilinu þrettán hundruð til tvö þúsund dollara á mánuði. Svo er það Common, fyrirtæki sem rekur þrjátíu byggingar í sex stærstu borgunum í Bandaríkjunum. Þar er leigan fimmtán til tuttugu prósentum lægri en það sem gerist og gengur.

Gagnrýna verktaka

Margir hafa gagnrýnt þessa tiskubylgju og segja stórfyrirtæki einungis vera að nýta sér húsnæðiskreppuna. „Þetta búsetuform er hreinlega ný leið fyrir verktaka til að kreista út hagnað úr annars brotnu húsnæðiskerfi,“ sagði Hanna Wheatley, rannsakandi húsnæðismála og landsvæða fyrir New Economic Foundation, til að mynda við The Guardian.



Spennandi kostur íbúðirnar með kojunum eru oftar en ekki mjög nýttiskulegar.

Þetta búsetuform er auðvitað ekkert nýtt og er Alan Durning, stofnandi rannsóknarmiðstöðvarinnar Sightline Institute, sammála gagnrýni Hönnu. „Þetta gigghagkerfi og vogunarsjóðskapitalismi hafa gert hrun sem þetta spennandi, nýtt og nýttiskulegt.“ Þá hefur þessi nýja tiskubylgja einnig verið gagnrýnd út af háu leiguverði.

Þessi bylgy virðist hins vera ekki vera búin að ná hámarki sínu og ekkert lát á vinsældum kojubúsetu. Samkvæmt skýrslu fasteignafyrirtækisins Cushman & Wakefield, sem kom út fyrr á þessu ári, leigja sjö, stór fyrirtæki, sem fjármögnuð eru af vogunarsjóðum, út þrjú þúsund kojur í Bandaríkjunum. Samkvæmt grein Huffington Post er talið líklegt að þessi tala sé hærri þar sem mörg fyrirtæki hafi ekki verið tekin inn í reikninginn, til að mynda fyrrnefnd PodShare og Starcity. Þessi tvö fyrirtæki, ásamt nokkrum öðrum, hafa áætlanir um að bæta við tæplega sautján þúsund kojum víðs vegar um Bandaríkin á



Kojuhagkerfi Hér má sjá tvo leigjendur PodShare í kojunum sínum.

næstu tveimur árum. Markhópur flestra fyrirtækjanna samanstendur af þeim tekjulægstu en hins vegar hefur eitt fyrirtækið, WeLive, markaðssett sig fyrir hina tekjuháu, með kojur í einkaherbergi á Wall Street í New York fyrir þrjú þúsund dollara á mánuði, tæplega fjögur hundruð þúsund krónur.

Væri annars á götunni

Þetta búsetuform virkar hins vegar fyrir marga, og hafa yfirvöld í New York til að mynda kallað eftir að verktakar kynni þeim ný búsetuform fyrir þá tekjulægstu, til að mynda kojukommúnur. Í grein Huffington Post er til að mynda

talað við einn leigjanda hjá PodShare, sem vill njóta nafnleyndar, sem er atvinnulaus og á hættu að verða heimilislaus. Leigjandinn vill hins vegar ekki búa á hæli fyrir heimilisláusa. Áður en leigjandinn heyrði af PodShare eyddi hann margfalt meiru í hótél og mótél.

„Ég borgaði 175 dollara fyrir eina nótt á einu af hótélunum sem ég gisti á. Fáránlegt,“ segir leigjandinn. Ein nótt hjá PodShare kostar fimmtíu dollara og fjórutíu dollara ef heil vika er bókuð. Leigjandinn segist finna fyrir öryggi í kojukommúnunni. „Núna lifi ég eðlilegu lífi.“ ■



Eigum fjórar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum
Verð frá **58.500 kr.**

GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

Led húsnúmer

Falleg húsnúmer í öllum stærðum og gerðum

• Sérsmíðum númer á öll hús og fjölbýli



• Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni

• Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli

• Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar: ledhúsnúmer

Einnig hægt að hringja í síma 775 6080

Allt sem þú þarft að vita um Eurovision-myndina

■ Lítilmagnar frá Húsavík og fallegasti karlmaður Íslands ■ Átakanleg íslenskukennsla

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is

Íslendingar bíða eflaust margir hverjir spenntir eftir Eurovision-kvikmyndinni með gamanleikaranum Will Ferrell í aðalhlutverki. Það eru risarnir hjá Netflix sem framleiða Eurovisionmyndina og er þetta fyrsta samstarfsverkefni grínarans við streymisveituna. Tökur hafa verið í fullum gangi síðan í sumar, meðal annars í London, Edinborg og hefur bærinn Húsavík verið nefndur sem einn af tökustöðum. Það kemur því fáum á óvart að fjöldi þekktra, íslenskra leikara kemur fram í myndinni. En hvað vitum við meira um þessa bíómynd sem á eftir að setja Ísland í sviðsljósið sem aldrei fyrr í Hollywood?

Myndarlegasti karlmaður Íslands
Til að gefa lesendum smá heildarmynd á söguþráð kvikmyndarinnar Eurovision þá ku hún fjalla um eyðimerkurgöngu Íslands í keppninni sem á að hafa staðið í rúma fjóra áratugi. Ferrell fer

með hlutverk Íslendingsins Lars Erickssonar frá Húsavík og segir myndin frá þátttöku hans og Sigrít, eiginkonu hans (sem leikin er af Rachel McAdams), í söngvakeppninni stórfrægu, sem er stærsti draumur þeirra beggja. Heimildir herma að þau Lars og Sigríð séu einnig systkini. Með önnur hlutverk fara Dan Stevens (Downton Abbey), Natasia Demetriou (What We Do in the Shadows), Elina Alminas (Ex Machina) og Melissanthi Mahut. Söngkonan Demi



Lovato fer einnig með hlutverk Íslendings í myndinni og fyrrverandi Bond-leikarinn Pierce Brosnan leikur föður Lars, sem í sögunni er sagður vera myndarlegasti karlmaður landsins. Og þá komum við að heimafélkinu. **Íslensku leikararnir í Eurovision**
Arnar Jónsson
Arnmundur Ernst



Erfidrykkja

KAFFIHLAÐBORD ÝMSAR ÚTFÆRSLUR, PINNAMATUR, SMURT BRAUÐ, TERTUR, O.FL. FYRIR ERFIDRYKKJUNA

HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810

Afgreitt á einnota fötum
tilbúið á borðið

Veislulist

HÓLSHRAUN 3, 220 HAFNARFJÖRÐUR / S 555 18 10 OG 565 1810 / VEISLULIST@VEISLULIST.IS / VEISLULIST.IS

Björnsson
Álfrún Rose
Björn Hlynur Haraldsson
Björn Stefánsson
Bríet Kristjánsdóttir
Elín Pétursdóttir
Guðmundur Þorvaldsson
Hannes Óli Ágústsson
Hlynur Þorsteinsson
Jói Jóhannsson
Nína Dögg Filippusdóttir
Ólafur Darri Ólafsson
Smári Gunn

Átakanleg íslenskukennsla
Leikarinn Ari Freyr Ísfeld Óskars-son var fenginn til að kenna stór- stjórnunum Ferrell og McAdams íslenskan framburð. Hermt er að R-in hafi reynst þeim erfið og sömuleiðis þ-hljóðin í íslensk- unni.

Baksviðs
Leikstjórinn David Dobkin situr við stjórvölinn en hann á meðal annars að baki kvikmyndirnar Wedding Crashers, Fred Klaus, Shanghai Knights og The Change-Up. Eins og sjá má hef- ur hann mikið sérhæft sig í gam- anmyndum en Ferrell skrifar handritið að myndinni ásamt Andrew Steele. Þeir kumpán- ar hafa reglulega unnið saman síðan á dögum Ferrell hjá grín-

þættinum Saturday Night Live og skrifuðu saman myndina Casa de mi Padre. Adam McKay, leikstjóri Anchorman-myndanna, Step Brothers og The Big Short, er einn af helstu framleiðendum myndarinnar.

Ferrell hefur fylgst vel með
Tökulið Eurovision-myndarinn- ar var einnig státt ásamt leikur- um myndarinnar í Tel Aviv í Ísrael í ár. Það kom hins vegar mörgum í opna skjöldu þegar Will birtist á keppninni í Lissabon árið áður. Það voru því enn óvæntari frétt- ir þegar Will sagðist vera mikill aðdáandi keppinnar, en hann hefur horft á hana árlega frá ár- inu 1999, eftir að fjölskylda eigin- konu hans, hinnar sænsku Vivecu Paulin, horfði á keppnina með honum. Will og Viveca gengu síðan í það heilaga árið 2000, en Will hef- ur áður mætt á Eurovision, til að mynda á úrslitakvöldið í Kaup- mannahöfn árið 2014.

Hversu löng er biðin?
Streymisveitan hefur ekki gefið upp nákvæma dagsetningu á myndinni en áður hefur verið gefið upp að hún verði gefin út fyrir jól. ■

Góðar stundir

04. október 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



langar að gera. Hvað langar þig að móta og úr hverju á afsteypun að vera? Ertu fær í höndunum? Þá geturðu mótað frummynd úr leir eða sagað úr timbri og tekið mót. Einnig er hægt að láta 3-D prenta frummynd og nota efnin okkar til að móta 3-D módelið og fjöldaframleiða á stuttum tíma. Einnig er hægt að nota urethane resin efnin okkar í 3-D resin prentara. Íslensk náttúra kemur líka sterk inn þegar kemur að skemmtilegum munstrum til þess að móta. Láttu ímyndunaraflið ráða áður en þú hefst handa og búðu til mót og fallega afsteypu sem hentar þínu verkefni."



Gerðu þinn eigin hrekkjavökubúning

Á vefsíðunni má finna margt skemmtilegt. „Við erum með fjölbreytt úrval af byrjendapökkum sem eru t.d. frábær leið til að læra undirstöðurnar í mótagerð fyrir bæði 2-D og 3-D módel. Við erum einnig með Ultimate Wound-kit og Zombie-kit sem eru tilvalin fyrir öskudaginn eða hrekkjavökuna. Þakkarinn innihalda silikonefni til þess að búa til ótrúlega raunveruleg sár. Silikonið er öruggt til notkunar á húð og aðlagast líkamanum eins og alvöru skinn."



Húsgagna- og skartgripasmiði

„Við erum líka með sterkari efni sem þarf að meðhöndla með varkárni. Þar má nefna Epoxacast 690 sem er mjög vinsælt epoxy-efni til þessa að nota á viðarplötur. Þetta er glært resin-efni sem hjúpar yfirborð og harðnar með glerlíkri áferð. Efnið má nota á gler, leir, málm, grjót, silíkon, við og plast. Margir hafa notað það til að búa til hin þekktu lækjarborð (e. river tables) en einnig hentar efnið mjög vel í skartripagerð og í að búa til glærar linsur."

Nánari upplýsingar á vefsíðunni motefni.is

Fylgstu með á Facebook: Mótefni
Vefpóstur: motefni@motefni.is
Sími: 845-0034

Mótaðu minningarnar með Mótefni

Þegar hausta tekur og lafin skipta lit, rigning verður að slyddu og myrkrið færir yfir er fátt skemmtilegra og meira viðeigandi en að fjölskyldan taki sig saman og vinni saman að skemmtilegum föndurverkefnum. „Við hjá Mótefni bjóðum meðal annars upp á nokkra skemmtilega fjölskyldupakka með verkefnum sem gaman er að vinna að í sameiningu," segir Snæbjörn Bergmann hjá vefversluninni Mótefni.

Stöðvaðu tímann í gífsi

Vinsælasti fjölskyldupakkinn er handpakki #1. Í pakkanum fylgir allt til að gera mót og afsteypur af höndum svo sem Alja Safe alginn mótunarefni, Hydrocal gifsduft og fata fyrir mót, 15 cm í þvermál. Þá eru ítarlegar og vel læsilegar, skref fyrir skref leiðbeiningar á ensku sem kenna mann að taka mót af eigin hönd eða hönd fjölskyldumeðlimar. Í pakkanum er nóg efni fyrir eina fullorðinshönd og tvær barnahendur, 4-8 ára. „Það er svolítið eins og maður sé að stöðva tímann og móta minninguna í formi handar barnsins. Við erum einnig að hanna stærri pakka sem henta fyrir alla fjölskylduna og fleiri hendur í einu."

Fjölbreytt efni fyrir móta- og afsteypugerð
 Mótefni sérhæfir sig í móta- og afsteypugerð, prótótýpusmiði ásamt því að selja efni fyrir móta- og afsteypugerð í gegnum vefverslun fyrir fyrirtæki og



einstaklinga. „Við flytjum inn alls konar sniðug efni frá fyrirtækinu Smooth-On eins og silíkon, rethane rubber og alginduft fyrir mót. Svo flytjum við inn urethane plast, epoxy, penslufrauð, grunna og líkamsmótunarefni fyrir afsteypur. Þessi efni gera okkur kleift að taka mót af hverju sem er og búa til afsteypur.

Við erum með margar tegundir

af urethane rubber og silíkoni til þess að búa til mót fyrir steypu, mynstursteypu og steypustimpla. Einnig erum við með epoxy til að hjúpa ýmsa viði og rafmagnstæki. Þá erum við með efni sem hægt er að nota í arkitektúr til að viðhalda gömlum húsum sem og iðnaðarefni í prótótýpusmiði, einangrunarefni, þéttihringa og efni til ýmiss konar lagfæringa. Að auki erum við með efni sem hægt er að nota í eftirlíkingar af líffærum og í uppbyggingu stoðtækja.

Auk þess erum við með úrval af efnum til að taka mót af líkamanum sem og efni til að búa til leikgervi og ýkta förðun fyrir sjónvarp og leikhús. Einnig seljum við efni til að búa til cosplay-búninga og leikmuni.

Listamenn kaupa af okkur efni fyrir skúlptúra og fleira. Svo má móta ýmist skraut í fiskabúr. Þá erum við líka með uppstoppunarefni. Svo eru efni sem hægt er að nota í mót fyrir konfekt, nammi eða ísmola. Að lokum erum við að selja efni í sápu- og kertagerð."

Möguleikarnir eru endalausir þegar kemur að mótum. „Þetta snýst í rauninni bara um hvað þig



Starfsfólk Húðfegrunar skellti sér í námsferð í september. Hér er mynd af hópnum í þjálfun hjá Alma Lasers í Ísrael.

HÚÐFEGRUN:

Hátæknilegar og árangursríkar húðmeðferðir

Húðfegrun er öflugt hátæknifyrirtæki á heilbrigðissviði sem hefur verið starfrækt frá árinu 2000. Starfsmenn Húðfegrunar eru fimmtán talsins og bjóða upp á heildrænar húðmeðferðir fyrir andlit og líkama, með það að markmiði að bæta heilsu húðarinnar á náttúrulegan hátt. Meðferðaraðilar Húðfegrunar hafa lokið hjúkrunarfræði- eða læknisfræðimenntun auk sérþjálfunar í notkun lasertækni og annars konar hátækni til að leysa ýmsan húðvanda. Húðfegrun notar bestu fánleg tæki hverju sinni og starfsfólkið hlýtur stöðuga þjálfun og tileinkar sér nýjungar.

Hvað er það mikilvægasta þegar kemur að umhirðu húðarinnar? Starfsmenn Húðfegrunar eru sérfræðingar þegar kemur að

húðumhirðu og luma á ýmsum góðum ráðum og vörum sem hjálpa til við að bæða ástand húðarinnar. „Það skiptir miklu máli að hugsa vel um sig, borða hollan mat og drekka vel af vatni. Hreyfing og svefn viðhalda einnig góðri húðheilsu ásamt því að nota góð krem. Svo eru ýmsar meðferðir sem geta hjálpað til við að bæta húðheilsu og sérfræðingar Húðfegrunar eru þjálfaðir í að meta hvaða meðferð hentar hverjum og einum,“ segir Bryndís Alma Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Húðfegrunar.

Vinsælar meðferðir fyrir karla og konur

Bæði konur og karlar koma í meðferð hjá Húðfegrun og vinsælustu meðferðir stofunnar eru Laserlyfting, gelisprautun og Hollywood Glow.

Laserlyfting er náttúruleg

andlitslyfting án skurðaðgerðar. Um er að ræða byltingarkennda tækni í meðferð á línun, hrukkum og slappri húð. Hægt er að meðhöndla húð á andliti, hálsi, svæði undir höku, bringu og handarbökum.

Gelisprautun er framkvæmd með Neauvia Organic, sem er hreinasta og öruggasta efnið á markaðnum. Línur, drættir og hrukkur jafnast út með gelisprautun auk þess sem húðin öðlast ljóma og þéttleika. Þú getur valið um fyllingu í varir, hrukkur, línur, ör, kinnar, kinnbein og höku, svo eitthvað sé nefnt.

Hollywood Glow er ein vinsælasta meðferðin hjá stjórnunum fyrir sérstök tilefni. Meðferðin þéttir húð á andliti og hálsi ásamt því að gefa henni samstundis aukinn ljóma. Einnig spornar meðferðin við öldrun húðarinnar ásamt því sem hún fær falletgrí áferð.

Nýtt hjá Húðfegrun – Augnlyfting Við bjóðum 20% afslátt af augnlyftingu í október. Þessi nýja og byltingarkennda meðferð er einungis í boði hjá Húðfegrun. Augnlyfting er sniðin til að lyfta augnlokum sem farin eru að síga. Meðferðina má einnig framkvæma til að þétta slappa húð undir augum og grynka hrukkur og finar línur á augnsvæði.

Gjafabréf Húðfegrunar eru vinsæl bæði sem tækifærisgjafir og í jólapakkann.

Nánari upplýsingar má nálgast á hudfegrun.is
Vegmúli 2, 108 Reykjavík
Sími: 533-1320
Vefpóstur: hudfegrun@hudfegrun.is
Facebook: Húðfegrun
Instagram: Húðfegrun

NÚ ERU OKTÓBER BÆKURNAR KOMNAR ÚT

ÞAÐ ER FRÁBÆR NÝ SERÍA Í ÖRLAGASÖGUNUM,
VERIÐ MEÐ FRÁ UPPHAFI



Þessar bækur eru **ómissandi** í kósihelgina



NUDDSTOFAN COSTA VERDE:

Augnablik til að slaka á

Myndir: Eyþór Árnason

Nuddstofan Costa Verde sem er í glæsilegu húsnæði í Grafarvoginum býður upp á fyrsta flokks nuddmeðferðir framkvæmdar af reyndum nuddurum.

Margar mismunandi nuddmeðferðir eru í boði hjá Costa Verde, allt frá slökunarnuddi til heilandi meðferða. „Hjá okkur er sérhver nuddmeðferð löguð að þörfum viðskiptavinarins sem og þjálfun og hæfileikum þess sem hana veitir,“ segir Josy Zareen hjá Costa Verde.

Við bjóðum upp á fjölbreyttar nuddmeðferðir:

- Klassískt nudd
- Djúpvefjanudd
- Slakandi bakmeðferðir, sérhannaðar fyrir fólk með bakvandamál.
- MA-URI® Bodywork heilnudd. NÝTT
- Japanskt nudd
- Tailenskt nudd

Costa Verde býður upp á margar mismunandi og áhrifaríkar nuddmeðferðir sem ætlað er að taka á mismunandi vandamálum sem hrjá hvern og einn. Nýjasta meðferðin nefnist MA-URI® Bodywork.

„MA-URI® Bodywork nuddmeðferðin er heilandi líkamsnudd í bland við listheilun. Meðferðin kemur frá maoría-frumbyggjum í Nýja-Sjálandi og Havái. Um er að ræða heilnudd með olíu þar sem nuddþerapistinn notar mestmegnis framhandleggi og nuddar í takt við heilandi tónlist. Nuddmeðferðaraðilinn er í stöðugu hreyfingarflæði sem fylgir fyrirframákveðnu fótleggja- og líkamsstöðumynstri. Nuddarinn nær með hreyfingu sinni og nuddmynstri að veita móttakandanum djúp kennsl. Framhandleggir nuddarans sveipast um líkamann í löngum strokum í takt við tónlistina og framleiða stöðugt orkuflæði sem hjálpar til við að losa

líkamsminningar. Á sama tíma virkjar nuddið innbyggðan heilunarmátt líkamans og fyllir hann af lífi. Nuddið snertir jafnt á tilfinningalegum, huglægum og andlegum veruleika tengsla, heiðarleika, heilleika og samhljóms,“ segir Josy.

Japanska nuddið byggir á teygjum og þrýstipunktanuddi sem stuðlar að bættri almennri heilsu. Um er að ræða heildræna nuddmeðferð sem tekur á hinum ýmsu kerfum líkamans svo sem sogæða-, tauga-, hormóna- og blóðrásarkerfinu. „Japanskt nudd hjálpar til við að koma í veg fyrir sjúkdóma og er í mörgum tilfellum áhrifarík meðferð gegn þeim. Auk þess eykur nuddið færni líkamans í að lækna sig sjálfur.“

Hefðbundið tailenskt nudd er ævafornt og fjölbreytt heilunarkerfi sem tvinnar saman bæði einangraða og breiða notkun á þrýstipunktanuddi, notkun á jógastellingum með aðstoð sem og örvun og meðhöndlun á sen-orkulínum. „Líkaminn liðkast til og liðir

opnast, teygt er á vöðvum og sinum, líffæri eru mótuð og orka er færð í jafnvægi.“

Ef streita og þreyta þjaka þig þá getum við hjálpað þér að finna jafnvægi og vellíðan á ný. Í meðferðum okkar notum við aðeins sérválin vörumerki sem við treystum.

Nánari upplýsingar má nálgast á costaverde.is
Facebook: Costa Verde Nuddstofan
Opið er alla virka daga klukkan 9.00–21.00 og laugardaga klukkan 10.00–20.00.
Nuddstofan Costa Verde er að Hverafold 1–3, „Foldatorgi“, Grafarvogi.
Bókaðu á vefsíðunni okkar eða í síma: 519-8222 / 789-6543



Bókaðu tíma í Slökunarnudd eða Djúpvefjanudd fyrir lok október 2019. Sýndu þessa afklippu þegar þú borgar fyrir nuddið.

Einn afsláttarmiði gildir sem **20% AFSLÁTTUR** á einni meðferð



HYDRA FLOT SPA:

Draumkennt þyngdarleysi gegn svefnleysi, kvíða og einbeitingarskort

Nútímafólk sækist í auknum mæli eftir slökun og ihugun til að draga úr streitu og fá stundarfrið frá áreiti heimsins. Sérstakir flottankar þar sem hægt er að fljóta um í þyngdarleysi eru áhugaverð nýjung sem veitir fólki magnaða upplifun og einstaka kyrrðarstund. Flotið verður sívinsælla með hverjum degi, hvort heldur er hjá ungum eða öldnum, afreksfólki í íþróttum, kaupsýslumönnum eða hinum venjulega meðaljóni. Óléttar konur hafa einnig hrósað Hydra Flot í hástert. „Fólk er síþreytt og orkulaust, á erfitt með að einbeita sér og kann ekki að slaka á. Flotið veitir hámarks afslöppun í fullkomlega hönnuðu umhverfi,” segir Ryan Kevinson, annar eigenda Hydra Flot Spa.

Draumkennt þyngdarleysi

Ryan og kona hans, Friða Rakel Kaaber, opnuðu heilsulindina í maí 2018 þar sem þau bjóða upp á flotupplifunina í þremur sérstökum flottönkum. „Flotið hefur einstaklega góð og slakandi áhrif á bæði líkama og huga einstaklings. Magnesíumsöltin sem við notum eru þau sömu og eru notuð af meðferðaraðilum í íþróttum í vöðvabæðmeðferðum. Magnesíum hefur þekkt jákvæð áhrif á líkamann, og meðal annars hefur það góð áhrif á svefn, kvíða, orku og einbeitingu. Að auki er 500–600 kíló af Epsom-salti leyst upp í hverjum tanki fyrir sig og hitastig er það sama og húðin svo að einstaklingurinn upplifir sig í algeru draumkenndu þyngdarleysi líkt og í Dauðahafinu.” Umhverfið býður upp á algera hugræna og

líkamlega slökun. Einnig má velja að vera án nokkurs sjónræns eða hljóðræns áreitis, sem býður upp á enn dýpri slökun. Tankar af þessu tagi hafa meðal annars verið notaðir af NASA og bandaríska hernum til að rannsaka mannshugann. Fólk líkir þessu oft við að öðlast góðan nætursvefn á eingöngu einni klukkustund.“

Hydra Flot mun á næstu dögum auka við þjónustu sína til þess að koma til móts við innlenda viðskiptavinum. „Við munum fljótlega bjóða upp á vikulega og mánaðarlega áskrift af samsettum pökkum sem innihalda flotmeðferð, Cryo-air-andlitsmeðferðir og lúksus nuddstólatíma.“ Um er að ræða hágæða þýskan nuddstól sem viðskiptavinum er boðið að setjast í fyrir eða eftir flottímann. Teygjanlegur stóllinn er útbúinn loftpúðum og innbyggðum sætishitara, fjögurra vídda baknuddi og hallast þannig að manni finnst maður svífa um í þyngdarleysi. Í Cryo-air-andlitsmeðferðinni eru ekki nein skaðleg efni notuð eins og nitur í vökvaformi, heldur eingöngu tanderhreinnt íslenskt loft. Meðferðin er áhrifarík fyrir húðina og taugakerfið og stuðlar að bættu og heilbrigðu útliti. „Í öllum okkar meðferðum notum við eingöngu náttúrulegar og skaðlausar aðferðir sem við mögnum upp í hag nútímamanninum og áhrifin eru augljós.“

Komdu í flot í hverri viku

„Áskriftapakkarnir verða fáanlegir innan skamms en í millitíðinni ætlum við að bjóða upp á veglegan afslátt.“ Þá kostar ekki nema

5.900 kr. fyrir einn í flot og 8.900 kr. fyrir tvo. Tilboðið gildir aðeins í takmarkaðan tíma svo það er um að gera að panta sem fyrst og nýta sér þetta einstaka tækifæri. Nýttu þér tilboðið með því að bóka núna á shop.hydraflot.is.

„Flotið hefur verið vinsælt í stefnumótasenuinni en það eru sífellt fleiri sem koma vikulega fyrir þau einstöku og slakandi áhrif sem flotið veitir. Þessi nýstárlega heilsurækt er talin geta unnið gegn svefnleysi, verkjum, kvíða, þunglyndi og jafnvel fíkn. Þeir sem prófað hafa tankana hjá Hydra Flot Spa eru afar ánægðir og á Facebook-síðu heilsulindarinnar er að finna afar jákvæðar umsagnir hrifinna viðskiptavina. Meðal þeirra er Sylvia Rut sem skrifar:

„Fór út fyrir þægindarammann í dag og skellti mér í flot, var bæði mjög spennt að prófa e-ð nýtt en líka kvíðin og stressuð þar sem ég fæ stundum innilokunarkennd. En þetta var „out of this world“ upplifun! Eigandinn fór vel yfir ferlið og gaf góð ráð um hvernig væri best að venjast og ná að slaka á, sem þrælvirkaði. Mér leið strax vel ofan í tanknum (engin innilokunarkennd), meira að segja þegar ljósin slokknuðu sem ég var búin að vera smá stressuð fyrir. Þetta var algjör unaður, bæði náði ég betri slökun en ég hef áður upplifað og saltið í vatninu gerði húð og hár silkimjúkt. Ég mun að öllum líkindum verða fastakúnni hér og get 100% mælt með þessu. Takk fyrir mig.“

Aðrir viðskiptavinir greina meðal annars frá því hve dvölin í tönkunum hafi verið streitulosandi og vöðvaslakandi. Það er áhugaverð og heillandi hugmynd að svipta



mann um stund öllu áreiti, að loka á skynfærin og vera fullkomlega einn með sjálfum sér um leið og líkaminn fær dásamlega hvíld. Þetta er eitthvað sem fólki finnst spennandi að prófa og þeir sem hafa gert það eru mjög hrifnir af upplifuninni og áhrifunum á líkama og sál.

Sjá nánar á vefsíðunni hydraflot.is og Facebook-síðunni: [hydraflot](https://www.facebook.com/hydraflot). Fyrir nánari upplýsingar má senda póst á cryo@hydraflot.is Hydra Flot Spa er staðsett að að Rauðarárstíg 1, á Hlemmtorgi.

Sýnum tillitssemi og komum h



SLÖKKVILIÐ
HÖFUDBORGARSVÆÐISINS BS.

Samgöng

AKSIUR.IS
Endurmenntun atvinnubílstjóra



KR

BÍLARÉTTINGAR
SÆVAR



GÆÐASPR
GÆÐAR

og ökum varlega, meil heim

ustofa



RÓKUR

SÁMUR
SÁPUGERÐ

AUTUN og
ÉTTINGAR

FRAKT LAUSNIR

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



10 Opínberanir úr bók Demi Moore

Mistök að sofa hjá Lowe

Demi fer yfir gamla elskhuga í bókinni, nánar tiltekið Jon Cryer, Rob Lowe og Emilio Estevez. Leikkonan svaf hjá Jon Cryer þegar þau voru við tökur á No Small Affair, sem sýnd var árið 1984. „Jon féll fyrir mér í raunveruleikanum líka og hann missti sveindóminn með mér þegar við lékum í þessari mynd,“ skrifar hún. „Það veldur mér sársauka þegar ég hugsa um hve kaldrifjuð ég var – að ég hafi stolið einhverju sem hefði geta verið mjög mikilvæg og falleg stund frá honum.“ Demi svaf hjá Rob Lowe við tökur á St. Elmo’s Fire frá árinu 1985. Hún segir að það hafi verið mistök. Hún hefur hins vegar ekkert nema gott eitt að segja um Emilio Estevez, en þau hittust um tíma og trúlofuðu sig.

Fallið

Leikkonan féll á vímuefnabindindinu þegar hún var gift Ashton Kutcher.

„Ashton fékk sér rauðvín þegar hann sagði: „Ég veit ekki hvort að alkóhólismi er til – ég held að þetta snúist allt um meðalhóf,“ skrifar Demi. „Mig langaði að vera þessi stelpa. Stelpan sem gæti bara fengið sér vínglas með matnum eða tekílastaup í partí. Ég held að Ashton hafi viljað það líka.“

Svo fór að Demi féll og drukknaði næstum því í heitum potti á 45 ára afmæli sínu árið 2007. Hún segir að Ashton hafi verið „bálreiður“ eftir það atvik, sem gerði hana ringlaða því hann „hvatti“ hana til að „fara í þessa átt“.

Hórumamma

Demi segir frá því í bókinni að móðir hennar hafi farið með hana á bari þegar hún var táníngur. Þegar Demi var fimmtán ára kom hún heim og þá beið maður hennar þar.

„Ég er búin að loka á nákvæmlega hvað gerðist. Það sem gerðist á milli þess að ég opnaði dyrnar og ég velti fyrir mér hvort móðir mín hefði látið hann fá lykil, á milli þess sem mér leið eins og ég væri fangi á eigin heimili með manni sem var þrisvar sinnum eldri en ég og tvisvar sinnum stærri og þar til hann nauðgaði mér,“ skrifar hún. „Ég hafði engan til að vernda mig.“

Þessi maður sneri aftur á heimilið stuttu síðar til að hjálpa mæðgunum að flytja. Þá sagði hann Demi að hann hefði borgað móður hennar til að fá að nauðga henni. „Hvernig á manni að líða þegar að móðir manns selur mann fyrir fimm hundruð dollara?“

Missti fóstur

Hjónabandið með Ashton virðist hafa haft mest áhrif á Demi og hún segir í bókinni að hún hafi aldrei verið jafn hamingjusöm og með honum. Þau byrjuðu saman árið 2003 og einu og hálfri ári síðar varð Demi ólétt, þá 42 ára. Sex mánuðum síðar missti hún fóstur en í bókinni segir hún að hún hafi átt von á stúlku með Ashton og að parið ætlaði að skíra hana Chaplin Ray.

„Mér fannst þetta klárlega vera mér að kenna. Ég hefði aldrei misst barnið ef ég hefði ekki byrjað aftur að drekka. Ég reykti enn þegar ég komst að því að ég væri ólétt og það tók mig nokkrar vikur að hætta. Ég var þjökkuð af samviskubiti og sannfærð um að þetta væri mín sök,“ segir Demi.

Þrjátíu daga rugl

Demi lýsir því hvernig hún komst á kókaínbragðið þegar hún var við tökur á kvikmyndinni Blame It on Rio frá árinu 1984. Leiðin lá hratt niður á við og hún varð sér út um kókaín hjá tannlækninum sínum annars vegar og viðskiptafélaga hins vegar. Hún fór í meðferð þegar stórlaxar í kvikmyndabransanum kröfðust þess, en þá var hún aðeins búin að nota kókaín í þrjátíu daga.

Framhjáhaldið

Demi segir að Ashton hafi stungið upp á því að fara í trekant. „Við opnuðum samband okkar fyrir tveimur manneskjum. Þetta var gott fólk en þetta voru samt mistök.“ Demi kenndi sjálfri sér um þegar sögusagnir fóru á kreik um framhjáhald Ashtons, sem hann staðfesti. „Sama hvaða sársauka við upplifðum þá gerði hann það að verkum að við gátum vaxið og orðið þær manneskjur sem við erum í dag.“

■ Móðir hennar seldi aðgang að líkama hennar ■ Hjónaböndin, framhjáhaldið og fíknin

Leikkonan Demi Moore gaf nýverið út sjálfsævisöguna Inside Out þar sem hún skefur ekkert af lífshlaupi sínu, hæðum og lægðum. DV kíkta á tíu opinberanir í bókinni sem gætu komið einhverjum á óvart.

Erfið æska

Demi rifjar upp sársaukafullan tíma í uppvexti sínum, þar á meðal þegar að móðir hennar, Virginia Guynes, reyndi að fremja sjálfsvíg, og það oftast en einu sinni. „Það næsta sem ég man er að ég notaði fingurna, mína litlu barnslegu fingur, til að grafa eftir pillum sem móðir mín hafði reynt að gleypa á meðan faðir minn hélt munni hennar opnum og sagði mér hvað ég ætti að gera,“ skrifar Demi, sem var aðeins tólf ára gömul þegar þetta tiltekna atvik átti sér stað. Nokkrum árum síðar komst Demi að því að maðurinn sem hún hélt að væri faðir hennar, Dan Guynes, var það ekki. Demi komst að þessu þegar hún fann giftingarvottorð foreldra sinna sem var dagsett ári eftir að hún fæddist. Móðir hennar tilkynnti Dan þetta á mjög dramatískan hátt og hann yfirgaf mæðgurnar stuttu síðar.

Dæmt til að mistakast

Demi segir í bókinni að Bruce Willis, sem hún gekk að eiga árið 1987, hafi ekki viljað halda hjónabandinu áfram eftir að þau eignuðust eldri dóttur sína, Rumber, árið 1988. „Bruce vildi ekki vera maðurinn sem yfirgaf fjölskylduna sína. Hann vildi ekki gera barninu sínu það,“ skrifar hún. „Þegar hann fór til að taka upp Hudson Hawk var hjónabandið brothætt. Ég heimsótti hann einu sinni og fékk á tilfinninguna að hann væri búinn að halda framhjá mér.“

Sama um eiginkonuna

Demi giftist fyrst 1980. Það var tónlistarmaðurinn Freddy Moore sem var sá heppni, en hjónabandið entist í fimm ár. Í bókinni jatar hún að sambandið hafi byrjað sem framhjáhald.

„Ég var sjálfumglaður táníngur sem ólst ekki upp við að læra að hjónabandið væri heilagt,“ skrifar Demi, en hún var sextán ára þegar hún kynntist Freddy. „Ég stökk inn í líf með Freddy án þess að hafa miklar áhyggjur af eiginkonu hans, því miður.“

Í bókinni skrifar Demi enn fremur að hún hafi haldið framhjá tónlistarmanninum kvöldið áður en þau gengu í það heilaga.

Átröskunin

Holdafar leikkonunnar hefur oft verið til umræðu en hún jatar það í bókinni að hafa verið haldin átröskun og að það hafi byrjað þegar henni var sagt að léttast fyrir kvikmyndina About Last Night frá árinu 1986 því hún var „ekki nógu grönn til að vera aðalleikkona.“

Demi fékk þráhyggju fyrir líkamsrækt eftir að hún eignaðist sitt annað barn með Bruce Willis, dótturina Scout, árið 1991.

„Mér fannst eins og ég gæti ekki hætt að æfa,“ skrifar hún. „Það var vinnan mín að passa í herbúninginn sem ég ætti að vera í eftir tvo mánuði í A Few Good Men. Að koma mér í form fyrir þá mynd kveikti þráhyggju fyrir líkamsrækt sem myndi gleypa mig næstu fimm árin.“

Þegar að Demi lék í Striptease árið 1996 þróaði hún með sér óheilbrigð samband við mat og borðaði aðeins hálfan bolla af hafragraut, kjöt og grænmeti.

„Ef þessi þráhyggja varðandi líkama minn hljómar brjáluð þá skjátlást þér ekki: átraskanir eru brjálaðar, þetta er sjúkdómur. En það gerir þær ekki minna raunverulegar.“

SAKAMÁL



MORÐVARGURINN

Ernest virtist í eilífum vandræðum ■ Skapbráður flagari ■ Tók lögin í sínar hendur

Ernest nokkur Ingenito fæddist í Wildwood í New Jersey í Bandaríkjunum 27. maí 1924. Foreldrar hans voru Ernest eldri og Helen og var Ernest yngri elsta barn þeirra.

Eitthvert rótleysi virðist hafa verið viðloðandi fjölskylduna sem flutti nokkuð oft á milli Wildwood og Filadelfíu en greinilega var ekki allt í góðu milli foreldra Ernests yngri því þeir sátu vart á sárs höfði og þegar hann var þrettán ára skildu Ernest eldri og Helen.

Betrun og hjónaband

Án efa hafði sífelldur þvælingur og deilur foreldranna áhrif á Ernest því aðeins tíu ára að aldri lenti hann í vandræðum vegna þjófnaðar og fjórtán ára var hann sendur í betrunarvist vegna afbrota. Næstu árin var hann með annan fótinn í betrunarhúsum, en að lokum sáu yfirvöld aumur á honum og leyfðu honum að flytja til Wildwood, til móður sinnar.

Tíminn leið og árið 1941 gekk Ernest í hjónaband. Eiginkona hans þoldi skapbresti hans um skeið, en fékk sig að lokum fullsadda af hvoru tveggja illri meðferð af hans hálfu og kvennafari og lét sig hverfa.

Afskráður með skömm

Þegar þarna var komið sögu var síðari heimsstyrjöldin hafin og Ernest gekk í herinn og var staðsettur í Fort Belvoir í Virginíu. Dvöl hans í hernum lauk árið 1946 þegar hann var afskráður með skít og skömm. Þá hafði herdomstóll rétt að yfir Ernest í tvígang, annars vegar fyrir að hafa verið fjarverandi án heimildar og hins vegar fyrir að hafa slegið tvo yfirmenn.

Fyrir seinna brotið fékk Ernest átta ára dóm og aflánaði af honum tvö ár í Green Haven-herfangelsinu í Sing Sing.

Gifting og grænmeti

Laus úr fangelsi gekk Ernest í hjónaband öðru sinni, þá með Theresu Mazzoli, 21 árs dóttur Michaels og Pearl Mazzoli. Nýju tengdforeldrarnir áttu grænmetisrækt við Pine Hollow-veg í Franklin í Gloucester-sýslu í New Jersey.

Theresa taldi Ernest á að flytja inn til fjölskyldunnar og um sinn virtist allt leika í lyndi. Ernest hóf

Ernest Ingenito Vandræði einkenndu allt hans líf.



störf á bænum og þau hjónin eignuðust tvo syni. Vel fór á með Ernest og tengdafaður hans, en slíkt hið sama var ekki hægt að segja um samskipti hans og tengdamóður hans, Pearl.

Allt fer til fjandans

Að lokum fór að hrikta í stoðum hjónabands Ernests og Theresu og verulega féll á samband Ernests og allrar fjölskyldu hennar eftir að hann hóf störf í raftækjaverslun í grenndinni.

Michael komst síðan að því að tengdasonur hans væri farinn að halda framhjá Theresu og það reyndist kornið sem fyllti mælinn. Ernest var umsvifalaust úthýst og kom sér fyrir á gistiheimili í nokkurra kílómetra fjarlægð. Þar voru fyrir tveir vinir föður hans, Al og Kay Rulis, sem reyndar koma ekki frekar við sögu.

Æfir skotfimi

Nú, Theresa fór á fullt við undirbúning skilnaðar og Ernest hafði, að sögn, samband við lögfræðing til að tryggja að hann fengi séð syni sína tvo.

Fleira gerðist, því um þetta leyti

fór Ernest að æfa skotfimi og varð tíður gestur í skotfæraaverslunum þar sem hann keypti ógrynnin öll af skotfærum fyrir sístækkandi byssusafn sitt.

Að kvöldi 17. nóvember, 1950, ákvað Ernest að tími væri kominn til að láta sverfa til stáls og ákvað að taka lögin í sínar hendur.

Mordhrinan hefst

Klukkan átta það kvöld ók Ernest sem leið lá að heimili Mazzoli-fjölskyldunnar. Því fór fjarri að hann væri tómhentur því í farteski sínu hafði hann Luger-skammbyssu sem hann hafði gert sjálfvirka, hálf sjálfvirka Mauser C96 og .32 kalíbera riffil.

Ernest hitti Theresu og krafðist þess að fá að sjá syni sína. Tengdafaðir hans blandaði sér í málið og án frekari málalenginga skaut Ernest hann tveimur skotum, sem urðu honum að bana.

Theresa snerist á hæli og hugðist leita skjóls í aðliggjandi borðstofu, en Ernest náði að skjóta hana í tvígang, annað skotið hafnaði í kvið hennar og hitt í öxlinni.

Í járnum Þjóðvegallögreglan í New Jersey handsamaði Ernest.



Hann varð tíður gestur í skotfæraaverslunum þar sem hann keypti ógrynnin öll af skotfærum

Engum eirt

Pearl sá þá sitt óvænna, yfirgaf húsið og hljóp yfir götuna þar sem foreldrar hennar bjuggu.

Ernest fylgdi í kjölfarið og skaut móður Pearl, Theresu Pioppi, í dyragættinni. Hann klofaði yfir lík Theresu og skaut til bana



IAMAXAZ

N FRÁ WILDWOOD

dur með banvænum afleiðingum



Engin eftirsjá Ernest gumaði af morðunum og sýndi aldrei iðrun.



Ernie Ingenito following his arrest. GLOUCESTER COUNTY PROSECUTOR'S OFFICE

Hann særði níu ára frænku eiginkonu sinnar, Janine, og náði loksins að myrða tengdamóður sína, sem hafði falið sig inni í skáp.

Handtaka

Ernest lét ekki þar við sitja, því hann ók til Minotola, í um tveggja og hálf klukkutíma akstursfjarlægð frá Franklin. Þar bjuggu frændi og frænka Theresu, Frank og Hilda Mazzoli. Vífilengjulaust skaut Ernest þau bæði, fyrir framan börn þeirra. Þrátt fyrir að vera alvarlega særð lifðu þau bæði af. Ernest ók síðan á brott en var handtekinn af umferðarlögreglu New Jersey. Við yfirheyrslu játaði hann allt, en neitaði síðar að skrifa undir yfirlýsingu þess efnis.

Fimm lífstíðardómar

Upphaflega var Ernest aðeins sakfelldur fyrir morðið á Pearl

og síðan liðu fimm ár þar rétt að var yfir honum fyrir fjögur morð að auki. Úrskurður dómara varð að lokum sá að Ernest fengi að afplána alla fimm dómana samtímis. Hann losnaði úr fangelsi árið 1978 og settist að í Trenton í New Jersey og hóf störf þar hjá malbikunarfyrirtæki. Ernest sýndi aldrei iðrun vegna morðanna og átti, að sögn, til að guma sig af þeim við vini og vinnufélaga. Hann hafði ekki alveg sagt skilið við réttarkerfið, því hann var handtekinn árið 1994 fyrir kynferðisofbeldi og að hafa ógnað velferð átta ára dóttur vinkonu sinnar. Þann 7. október, 1995, dó Ernest Ingenito í varðhaldi. ■

Marion Pioppi, barnshafandi frænku eiginkonu sinnar. Hann særði níu ára frænku eiginkonu sinnar, Janine, og náði loksins að myrða tengdamóður sína, sem hafði falið sig inni í skáp. Einnig skaut hann til bana bróður

tengdamóður sinnar, John Pioppi, sem hafði ráðist að honum vopnaður hníf.

Maðurinn sem demókratar óttast jafn mikið og Donald Trump

■ Margir demókratar vilja ekki sjá Bernie Sanders sem forsetaframbjóðanda
■ Í stanslausu stappi við áhrifafólk



Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Ó hætt er að segja að hinn vinstrisinnaði Bernie Sanders hafi sett mark sitt á bandarísk stjórnmal og haft mikil áhrif. Hann er mjög vinstrisinnaður á bandarískan mælikvarða og fer það illa í marga Bandaríkjamenn sem telja hann jafnvel vera kommúnista. Hann er ekki vinsæll meðal repúblikana og innan flokks hans, Demókrataflokksins, eru fleiri sem óttast hann en líkar við hann.

Sanders er svo sem ekkert unglaumb en það var eiginlega fyrst á undanförunum árum að hann fór að vekja verulega athygli í Bandaríkjunum og utan þeirra. Hann hefur lengi setið á þingi fyrir Vermont-ríki eða frá 1991. Frá 2007 hefur hann setið í öldungadeildinni sem óháður þingmaður. Hann hefur þó átt í miklu samstarfi við demókrata á þingi alla tíð. Hann segist sjálfur vera sósíalisti og framfarasinni. Hann er þekktur fyrir gagnrýni sína á misskiptingu auðs og styður opinbert heilbrigðiskerfi fyrir alla. Hann styður verkafólk og réttindi þess, vill að foreldrar geti farið í launað fæðingarorlof, að fólk geti sótt sér ókeypis menntun og vill grípa til róttækra aðgerða í loftslags- og umhverfismálum. Hvað varðar utanríkismál vill hann draga úr hernaðarútgjöldum Bandaríkjaanna og styrkja alþjóðlega samvinnu. Hann sóttist eftir að vera forsetaframbjóðandi Demókrataflokksins 2016 en laut í lægra haldi fyrir Hillary Clinton í forvali flokksins. Hann er þó ekki búinn að gefast upp og sækist eftir að verða frambjóðandi flokksins í forseta kosningunum 2020.

Fékk snemma áhuga á stjórnmálum

Hann fæddist í New York 1941. Foreldrar hans voru af pólskum, ungverskum og rússneskum gyðingættum. Hann fékk snemma áhuga á stjórnmálum og hefur meðal annars skýrt það með þessum orðum í samtali við The Christian Science Monitor.

„Maður að nafni Adolf Hitler vann kosningar 1932. Hann sigraði og 50 milljónir manna létust í síðari heimsstyrjöldinni í kjölfar þessara kosninga, þar á meðal sex milljónir gyðinga. Það sem ég lærði sem lítið barn er að stjórnmál eru í raun mjög mikilvæg.“

Margir ættingja hans í hinu hertekna Póllandi voru myrtir í helförinni.

Áður en hann náði aldri til að láta að sér kveða á stjórnmálum gekk hann í skóla í Brooklyn, þar sem fjölskyldan bjó, og spilaði körfubolta af krafti. Hann sótti hebreskan kvöldskóla. Fjölskyldan hafði í sig og á en ekki meira en það, svo ekkert var um óþarfa á heimilinu. Þegar Sanders stundaði nám við James Madison menntaskólann var hann fyrirliði hlaupaliðsins. Þar má segja að hann hafi hafið stjórnmálaferil sinn þegar hann bauð sig fram til nemendaráðs en náði ekki kjöri. Skömmu eftir að hann lauk námi lést móðir hans, aðeins 46 ára að aldri. Nokkrum árum síðar lést faðir hans 57 ára að aldri.

Sanders útskrifaðist úr stjórnmálafræðinámi við University of Chicago 1964. Sjálfur segist hann hafa verið miðlungsnemandi því skólinn hafi verið „leiðinlegur og tilgangslaus.“



Hiti í fólki Verður Sanders næsti forsetaframbjóðandi Demókrataflokksins?
Mynd: Getty Images

Martröð demókrata?

En hvernig getur staðið á því að þessi þekkti stjórnmálamaður veldur stórum hluta af forystu Demókrataflokksins nánast martröðum? Sanders hefur árum saman staðið í stappi, svo ekki sé fastar að orði kveðið, við áhrifamikla einstaklinga innan flokksins. En það hefur ekki dregið úr vinsældum hans ef marka má skoðanakannanir því hann mælist með þriðja mesta fylgið af þeim sem sækjast eftir að verða forsetaframbjóðandi Demókrataflokksins. Samkvæmt tölum frá Real Clear Politics, sem reiknar meðaltal hinna ýmsu skoðanakannana, þá nýtur Sanders stuðnings tæplega 18 prósent

kjösenda demókrata. Elizabeth Warren, öldungadeildarþingmaður frá Massachusetts, mælist með aðeins meira fylgi, en Joe Biden, fyrrverandi varaforseti, mælist með um 30 prósentu fylgi. Það teljast auðvitað tíðindi í bandarískum stjórnmálum að yfirlýstur sósíalisti njóti svona mikils stuðnings og það hefur komið fólki víða um land á óvart en þó ekki í Vermont. Þar þekkja kjósendur vel til Sanders og þess sem hann stendur fyrir. Hann er sagður hafa hæfileikann til að geta talað við fólk eins og jafningi þess, ekki sem stjórnmálamaður. Það sé enga uppgerð að finna hjá honum.

Óháður og umdeildur

Vermont er næstminnsta ríki Bandaríkjanna mælt í fjölda íbúa. Þar er fólk oft fullt efasemda í garð stjórnmálamanna og þess sem þeir segja. Fólk gleypir ekki við öllu sem stjórnmálamaður segja og því þýðir lítið fyrir þá að bulla eitthvað við kjósendur í ríkinu.

Áður en Sanders hellti sér út í landsmálin var hann virkur í sveitarstjórnarmálum. Hann bauð sig fram til borgarstjóra í Burlington, sem er stærsta borgin í Vermont, á níunda áratugnum. Hann vakti strax athygli fyrir hversu duglegur hann var við að vera innan um kjósendur og heilsa þeim og ræða við. Hæfileikar hans til að geta talað óundirbúinn við fólk



Umdeildur Bernie Sanders liggur ekki á skoðunum sínum. Mynd: Getty Images



Dáður af sumum Sanders heilsar upp á aðdáanda. Mynd: Getty Images

Sanders á sér auðvitað gagnrýnendur sem telja ekki mikla innistæðu fyrir loforðum hans og segja hann fljóta áfram á loforðapólitík

Fjölsóttur fundur Sanders talar við fylgismenn sína í Denver, Colorado. Mynd: Getty Images



falla vel í kramið hjá kjósendum í Vermont og hafa tryggt honum mikinn stuðning, einnig meðal fólks sem ekki styður sósíalíska stefnu. Sanders þykir gæddur góðri og mikilli skynsemi og það fellur kjósendum í Vermont vel og hika þeir því ekki við að styðja hann, jafnvel þótt þeir séu ekki á sömu skoðun og hann.

Hrein og bein framkoma hans og sjálfstæði hans tryggði honum góðan stuðning í baráttunni við Hillary Clinton 2016 en þá fékk hann 43 prósent atkvæða og hræddi Hillary og forystumenn Demókrataflokksins mikið.

Sanders á sér auðvitað gagnrýnendur sem telja ekki mikla innistæðu fyrir loforðum hans og segja hann fljóta áfram á loforðapólitík, loforðum sem ekki er hægt að standa við. Þar er helst nefnt til sögunnar að hann vill koma á sjúkratryggingakerfi fyrir alla og fella námslán niður. Hann hefur eignast óvini á leið sinni í gegnum stjórnmálin, ekki síst í Demókrataflokknunum þar sem hann deilir leynt og ljóst við Clinton-vænginn og bandamenn hans.

„Hillary og ég eru algjörlega ósammála. Þannig er það,“ sagði

Sanders í sjónvarpsviðtali fyrr á árinu þegar hann var spurður hvort hann myndi rétta út sáttarhönd til Hillary.

Margir hræðast hann

Það er almennur skilningur að margir í forystu flokksins vilji ekki sjá Sanders sem forsetaframbjóðanda flokksins á næsta ári. Hann er formlega séð óháður en býður sig samt sem áður fram í forkosningum flokksins. Haft hefur verið á orði að margir séu beinlínis hræddir við hann.

Í baráttunni við Hillary 2016 fékk Sanders mikinn stuðning frá

grasrót flokksins og hafði mikil áhrif á flokkinn og breytti hinu pólitíska landslagi innan hans og hefur hann fært flokkinn til vinstri. Hann hefur veitt mörgum innblástur og kannski getur það komið honum sjálfum í koll í baráttunni um að fá útnefningu sem forsetaframbjóðandi að þessu sinni. Margir keppinauta hans hafa tekið hugmyndir hans upp á sína arma. Þar má nefna Elizabeth Warren sem hefur markað sér ákveðna sérstöðu með vel útferðum pólitískum hugmyndum sem byggja sumar á hugmyndum Sanders. Warren er vel tengd inn

í flokkinn, mun betur en Sanders, og hefur fengið mikla athygli í stórum fjölmiðlum með mikla dreifingu. Sanders nýtur hins vegar mun minni athygli fjölmiðla. Því hefur verið velt upp að ritstjórar taki Joe Biden og Warren fram yfir Sanders þegar kemur að umfjöllun um forsetaefni demókrata því þau séu betri kostur gegn Donald Trump, sitjandi forseta.

Sanders tókst harkalega á við Washington Post í ágúst. Honum þótti blaðið ekki fjalla nægilega mikið um hann og vísaði þar til eignarhalds netverslunarinnar Amazon á blaðinu.

„Ég tala í sífellu um skatta Amazon. Ég vildi því gjarnan fá að vita af hverju Washington Post, sem er í eigu Jeff Bezos sem á Amazon, skrifar ekki sérstaklega góðar greinar um mig. Ég veit ekki af hverju,“ sagði hann um stórblaðið. Talsmenn Washington Post, sem hefur einnig sætt mikilli gagnrýni frá Donald Trump, vísa þessu á bug.

Sanders er með sannkallaðan her aktífasta í sínum röðum, fólk sem leggur mikið á sig fyrir Sanders og leggur honum til fé. Á öðrum ársfjórðungi safnaði framboð Sanders 18 milljónum dala sem komu frá um einni milljón gefenda. Um 99 prósent þeirra gáfu minna en 100 dollara til kosningasjóðsins. Yfirleitt safna bandarískir stjórnmálamenn háum fjárhæðum hjá nokkrum stórum stuðningsaðilum en Sanders leggur áherslu á að hann sé ekki háður neinum markaðsöflum og tekur því aðeins við lágum framlögum. ■

Sýnum tillitssemi og komum h



SLÖKKVILIÐ
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Samgöng



Bifreiðaverkstæði
Grafarvogs




Bílageirinn
BÍLAÞJÓNUSTA



og ökum varlega, meil heim


ustofa



Fagverk
verktakar



Tímarvélín



Gamla
auglýsingin
13. júní 1890 í Þjóðólfi

„Þetta er vopnað rán“

■ Þrjú rán í Reykjavík vöktu óhug ■ Paulskipulögð verk grímuklæddra ræningja ■ Öll ránin framin á mánudagsmorgni

Erla Dóra
erladora@dv.is



Á árunum 1994–1997 voru framin þrjú rán í Reykjavík sem vöktu töluverðan óhug. Ránin voru paulskipulögð, vasklega var gengið til verks og höfðu ræningjarnir í öllum tilvikum töluverðar fjárhæðir upp úr kafsínu. Sérstaka athygli vakti að öll þrjú ránin voru framin á mánudagsmorgni, í öllum málunum var um fleiri en einn geranda að ræða og í öllum til-

vikum voru ræningjarnir grímuklæddir. Þegar þriðja málið, 10-11 ránið, kom upp þá töldu margir að um sömu ræningja væri að ræða í öllum tilvikum. Annað kom þó á daginn. Tvö málanna teljast í dag upplýst og reyndist þar um ótengda aðila að ræða. Þriðja málið, Búnaðarbankaránið, hefur aldrei verið upplýst en þó lágu tilteknir einstaklingar undir grun, sem ekki eru taldir tengjast hinum tveimur ránunum.

Skeljungsránið

Mánudagsmorguninn 27. febrúar 1994 voru tveir starfsmenn Skeljungs á leiðinni að skila helgaruppgjöri í Íslandsbanka við Lækjargötu þegar þrír hettuklæddir menn, í bláum vinnugöllum, réðust að þeim. Einn maðurinn var vopnaður slökkvitæki sem hann notaði til að slá annan starfsmanninn í höfuðið með þeim afleiðingum að hann féll í götuna. Síðan hrifsuðu mennirnir til sín uppgjörstöskuna, sem innihélt tæplega sex milljónir króna, og hlupu að flóttabífreið, hvítum Saab, sem beið þeirra á Vonarstræti. Ránið tók aðeins örfáar mínútur. Saab-bífreiðin fannst mannlaus síðar um morguninn við Ásvallagötu og höfðu ræningjarnir reynt að kveikja í henni.

Síðdegis sama dag var tilkynnt um bál sem logaði í fjörunni í Hvammsvík í Kjós. Þar fannst taska, fatnaður, skór og peningapoki frá Skeljungu, sönnunargögn í málinu sem ræningjarnir höfðu reynt að farga.

Upp hófst umfangsmikil rannsókn lögreglu, en ljóst var að ránið hafði verið paulskipulagt, og tókst ræningjunum vel að hylja slóð sína. Saab-bífreiðinni höfðu ræningjarnir stolið, mennirnir voru í vinnugöllum með hettur, og höfðu þeir jafnvel gengið svo langt að reyna að farga öllum sönnunargögnum með því að kveikja í þeim. Rannsóknin var því árangurslaus og lá málið opið hjá lögreglu og safnaði ryki í átta ár, en þá dró skyndilega til tíðinda.

Samviskan nagar eftir sjónvarpsþátt

„Kveikjan að þessu var þátturinn Sönn íslensk sakamál í fyrra. Það var nákvæmlega þá sem þetta gaus allt upp hjá mér og ég fann að ég þurfti að segja frá þessu,“

sagði Jónína Baldursdóttir, fyrrverandi sambýliskona manns að nafni Stefán Aðalsteinn Sigmundsson, í samtali við DV árið 2002.

Skeljungsránið var tekið fyrir í þætti af Sönnum íslenskur sakamála. Þegar Jónína sá þáttinn ákvað hún að hafa samband við lögreglu og greina frá leyndarmáli sem hún hafði þagað yfir í tæpan áratug. Fyrrverandi sambýlismaður hennar, Stefán Aðalsteinnsson, hafði samband við hana skömmu eftir ránið og var honum mikið niðri fyrir.

„Hann sagði mér að hann hefði staðið að þessu ráni í Lækjargötunni og lýsti því fyrir mér að þeir hefðu verið þrír og þetta hefði verið vandlega undirbúið. Þeir biðu þarna eftir stelpunum sem þeir vissu að kæmu um þetta leyti. Þegar þær stoppuðu stukku tveir þeirra á eftir bílnum [bílnum sem starfsmennirnir komu á til að skila uppgjörinu, innsk. blm]. Stefán greip með sér slökkvitæki sem var í bílnum og ætlaði að nota það til að sprauta á þær til að skapa ótta. En þegar til kom var tækið bilað og þegar ekkert kom út úr því panikkaði hann og barði eina þeirra. Það hafði ekki staðið til að meiða neinn.“

Flúðu á tveimur bifreiðum og reiðhjólum

Stefán sagði Jónínu að í kjölfarið hefðu hann og samverkamenn hans stungið af á Saab-bífreiðinni, ekið henni á tiltekinn stað þar sem þeir skiptu yfir á reiðhjól og hjóluðu allir hver í sína áttina og hittust síðar á fyr-

SKELJUNGSRÁNIÐ

NAGAÐI

SAMVISKU

MÍNA Í ÁTTA ÁR



Meintur Skeljungs-ræningi dregur játningu sína til baka

Skeljungsránið var lengi vel talið einn fullkomnaði glæpur Íslandssögunnar. Þrír ræningjar voru fangaðir í málinu og fóru

Hálft ár frá Skeljungsráni:

Of snemmt
að gefa upp
alla von

– segir talsmaður Rannsóknarlögreglu ríkisins

irfram ákveðnum stað þar sem þeirra beið jeppi. Þeir settu reiðhjólin inn í jeppann og óku svo í Hvalfjörð þar sem þeir brenndu ávisanir, VISA-nótur og fatnað.

Stefán bað Jónínu að fela hans hluta af fengnum. „Ég veit ekki hvernig honum datt þetta í hug. En hann er mikill spekulant og þælingamaður. Það er einmitt honum líkt að plana eitthvað svona vel.“ Þrátt fyrir að hafa þagað yfir þessum upplýsingum

í næstum áratug ákvað Jónína að stíga fram og greina frá vitneskju sinni um málið. „Ef maður tekur þá stefnu í lífinu að vera heiðarlegur og njóta lífsins þá verður maður að losa sig við svona byrði.“ Jónína hafði geymt ránsfeng Stefáns tímabundið og fékk um 200 þúsund krónur fyrir vikið. Sökum þess að Jónína gaf sig fram við lögreglu og greindi frá vitneskju sinni var ákveðið að ákæra hana ekki fyrir hylmingu.

Í kjölfarið var Stefán Aðalsteinn handtekinn og dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi. Í

niðurstöðu Hæstaréttar var ránið kallað paulskipulagt og ófyrirleitið. Stefán játaði sakir greiðlega við yfirheyrslur, rakti atburðarás í smáatriðum og gekk með lögreglu flóttaleið þeirra félaga.

Samverkamenn Stefáns voru ekki sakfelldir. Annar þeirra sviti sig lífi rétt áður en hann átti að mæta til skýrslutöku og lögreglu tókst ekki að sanna sakir á þann þriðja. ■



Búnaðarbankaránið

Að morgni dags mánudaginn 18. desember 1995 réðust þrír vopnaðir menn inn í Búnaðarbankann við Vesturgötu í Reykjavík.

„Þeir ruddust inn með miklum hávaða og öskruðu: Þetta er vopnað rán. Ég var staddur inni á skrifstofu minni baka til og áttaði mig ekki alveg á alvörunni í fyrstu. Þegar ég sá svo einn mannanna stökkva yfir skenkinn með hníf í hendi fór ekki á milli mála að hér var alvara á ferðum,“ sagði Leifur H. Jósteinsson, útibússtjóri Búnaðarbankans, í samtali við DV árið 1995.

Mennirnir þrír voru klæddir í samfestinga og með lambhúshettur. Allir voru þeir vopnaðir, tveir þeirra hnífum og sá þriðji haglabyssu. „Þeir hræddu fólkið með látunum og gengu svo mjög skipulega til verks. Einn, sá með haglabyssuna, virtist stjórna aðgerðum og hann beið fyrir fram- an skenkinn meðan hinir tveir fóru inn fyrir og brutu upp skúffur hjá fjórum gjaldkerum. Þetta tók varla meira en eina mínútu og svo voru þeir á bak og burt,“ sagði Leifur.

Ræningjarnir komust á brott með tæplega tvær milljónir í reiðufé. Ránið tók aðeins um eina mínútu. Ræningjarnir hlupu síðan niður á Nýlendugötu, samkvæmt vitnum, og röktu sporhundar svo slóð þeirra áfram yfir Garðastræti, þar sem slóð þeirra

sem gætu leitt til hand-



hvarf. Lögregla taldi að þar hefði bifreið beðið ræningjanna, en lögreglan fann Toyota-bifreið á Blómvallagötu þar sem einn hnífur fannst sem er talinn hafa tilheyrt einum ræningjanna.

Aldrei upplýst
Búnaðarbankaránið var aldrei upplýst. Búnaðarbanki Íslands reyndi að greiða fyrir rannsókn málsins með því að heita einni milljón króna fyrir upplýsingar

töku ræningjanna. Fjórir ungir menn voru um tíma grunaðir um verknaðinn, en þeir höfðu áður komist í kast við lögin fyrir fjár- og tryggingasvik. Þeir höfðu sviðsett slys, innbrot og fleira í þeim tilgangi að hafa fé út úr tryggingafélögum með sviksamlegum hætti. Voru þeir um tíma hnepttir í gæsluvarðhald vegna málsins. Rannsóknarlögregla ríkisins kvaðst fullviss að fjórmenn- ingarnir tengdust málinu. Lög-



regla vissi til þess að mennirnir hefðu áður gert áform um rán sem voru grunsamlega áþekk þeim aðferðum sem beitt var við Búnaðarbankaránið. „Það liggur fyrir að þessir menn hafa planað svona atburð með mjög áþekku- um hætti og raunin varð á Búnaðarbankamálinu. Það er enn til rannsóknar að hve miklu leyti þeirra undirbúningur kom við sögu varðandi ránið. Bankaránið er staðreynd og þeirra undir- búningur er staðreynd. En urðu einhverjir á undan þeim eða

hvað?“ sagði Hörður Jóhannes- son, þáverandi yfirlögregluþjónn hjá Rannsóknarlögreglu ríkis- ins, í samtali við Helgarpóstinn í febrúar 1996. Fjórmenn- ingarnir neituðu þó ávallt sök og héldu því fram að þeir hefðu fjarvistar- sönnun þegar ránið var framið. Ekki var nægum sönnunum fyrir að fara til að ákæra fjórmenn- ingana og Búnaðarbankaránið er því enn opið mál hjá lögreglu. ■



10-11 ránið



Mánudagsmorgun 14. apríl árið 1997 sátu tveir menn fyrir starfsmanni verslunar 10-11 í stigagangi fyrir framan skrifstofu fyrirtækisins við Suðurlandsbraut, vopnaðir heimatilbúnum leðurbareflum fylltum sandi. Starfsmaðurinn var með uppgjörstösku sem innihélt um fimm milljónir króna, sem var helgarsala verslunarinnar. Ræningjarnir huldu, líkt og í hinum ránunum, andlit sín með lambhúshettum. Þeir réðust að starfsmanninum, úr launsátri, með ofbeldi, sneru hann niður, börðu og rifu af honum upp- gjörið.

Í kjölfar ránsins náði DV tali af tveimur vitnum, þeim Sigurði Kjartanssyni bygginga- fræðingi og Hallgrími Magnús- syni lækni. Þeir voru báðir á leið til vinnu þegar grímuklæddir menn urðu á vegi þeirra. „Ég

hélt fyrst að þetta væri grín. Síðan gekk ég áleiðis upp stigann og heyrði einhverjar stúnur fyrir ofan. Þegar ég kom upp lá ungur maður þar hálfvankaður og það blæddi úr honum,“ sagði Sigurður í samtali við DV. Hann gerði sér þá grein fyrir alvöru málsins. „Ég sagði þá við Hallgrím: Við skulum reyna að ná í helvítis þrjátana.“ Sigurður og Hallgrímur sáu mennina hlaupa átt að Gnoðarvogi og afréðu þeir að stökkva út í bíl og veita þeim eftirför. „Við Hallgrímur ruk- um út í bílinn minn og ókum upp Skeiðarvog og inn Sólheim- ana til að reyna að komast fyrir þá. Þar sáum við tvo grun- samlega menn. Þeir voru þá að stíga inn í bíl sem Hallgrímur sá. Ég hringdi strax í lögregluna og sagði að við hefðum séð menn sem gætu tengst þessu ráni.“ Hallgrímur og Sigurður náðu

skrasetningarnúmeri bílsins og komu þeim upplýsingum til lög- reglu. Það tók lögregluna aðeins tvo tíma að hafa upp á bílnum.

„Mér finnst þetta ótrúleg bí- ræfni um hábjartan dag,“ sagði Sigurður.

Eigandi bifreiðarinnar, brúnnar Mözdu, var í kjölfar- ið handtekinn og reyndist hafa nokkurt magn peninga á sér. Sá maður reyndist áður hafa kom- ist í kast við lögin. Hafði hann skömmu áður verið dæmdur til þriggja og hálfis árs fangelsis- vistar vegna smygls á tæpu kíló af amfetamíni í mörgæsarstytta árið 1995.

Óafvitandi hlutdeildarmaður
„Ég stóð ekki að þessu ráni. Ég vissi ekki hvað var í gangi þarna. Ég ók náttúrulega en ég vissi ekki um tilgang ferðar- innar,“ sagði einn þriggja sak- borninganna fyrir dómi þegar hann var beðinn um að lýsa af- stöðu sinni til sakarefnisins. Kvaðst hann enga ástæðu hafa haft til að fremja rán, hann ætti næga peninga. Hann hefði ver- ið fenginn til að aka flóttabif- reiðinni án þess að honum hefði verið gerð grein fyrir að hann væri að taka þátt í ráni. Hinir tveir játuðu sakir. Þeir hefðu vitað um ferðir peningasendilsins og ætlað að fremja ránið viku áður en þeir létu verða af því. Annar þeirra hefði þó sofið yfir sig svo þeir urðu að fresta ráninu um viku. Þremmingarnir voru allir sakfelldir fyrir sinn hlut í ráninu sem telst nú upplýst. ■

Mistökin sem fylgja því að vera manneskja

Íris Hauksdóttir
iris@dv.is

Leikhópurinn RaTaTam hefur á skömmum tíma stimplað sig inn sem fram-sækinn og áhugaverður leikhópur en hann frumsýndi nýverið sýninguna HÚH! Best í heimi, á litla sviði Borgarleikhússins.

Titillinn vísar vissulega í vand-ræðalegt víkingaklapp sem sam-einaði þjóðina svo sannarlega á sínum tíma, en umfjöllunarefni sýningarinnar hverfist í kringum sjálfsmynd Íslendinga þar sem leikararnir afhjúpa sig á áhrifarík-an hátt.

Með verkinu varpar leik-hópurinn ljósi á þær hliðar sem fæstir vilja beina sjónum að. Það sem við forðumst flest að tala um, vandræðalegar uppákom-ur og mistökin sem fylgja því að vera manneskja. Það er óhætt að segja að kvíði, höfnun og skömm leiki þar stórt hlutverk en sögurn-ar eiga það sameiginlegt að fjalla um sammannleg vandamál á hispurslausan hátt.

Leikhópin skipa þau Hall-dóra Rut Baldursdóttir, Hildur Magnúsdóttir, Guðrún Bjarna-dóttir, Guðmundur Ingi Þorvalds-son og Albert Halldórsson, hvert með sína sérstöðu og ólíku frá-sagnaraðferðir. Þau beita bæði hlýju, húnor, leik og tónlist til að

Glamrar á gítar
Guðmundur Ingi í
hlutverki sínu.



velta fram ófullkomleika manns-ins og því hvernig sjálfsmyndin getur stangast á við raunveruleik-ann.

Handritið er afrakstur sjálfs-

skoðunar leikhópsins sem full-yrðir að sögurnar séu sannar og endurspegli upplifun þeirra af atburðum úr eigin lífi. Flutning-ur þeirra er fjölbreyttur og óhætt



Hressilegt
Plakat sýn-ingarinnar er skemmtilegt.

„Þau beita bæði hlýju, húnor, leik og tónlist til að velta fram ófullkomleika mannsins og því hvernig sjálfsmyndin getur stangast á við raunveruleikann.“

að fullyrða að áhorfendur geti samsamað sig fleiri en einni frá-sögn hvort sem hún er fyndin, einlæg eða átakanleg. Þetta á sérlega við um lýsingu Halldóru Rutar á æsku sinni en meðan hún greindi frá nístandi upplif-un hlóð leikhópurinn yfir hana dýnum með táknrænum íþyngj-andi hætti. Guðmundur Ingi fjall-aði á spaugilegan hátt um það að feta sína eigin slóð og brjótast úr því formi sem nærumhverfið ætl-ast til. Áhorfendur átta sig fljótt á því að hann er ekki sveitamaður. Kostuleg sena sem margir ættu að tengja við sem og fullkomnu feg-urðardrottninguna með filterað líf sitt á samfélagsmiðlum. Hildur tók svo fyrir hina stöðugu bar-áttu við aukakílóin sem og hina sjálfskipuðu útlitspressu í eilífri leit hennar að rétta sundbolnum. Sama bolta greip Guðrún á lofti sem Neanderdalsmaðurinn þar

sem hún gerir grín að hárvexti sínum sem þykir samkvæmt ein-hverjum ósýnilegum stöðlum yfir meðallagi. Albert átti sömuleiðis stórleik með óstjórnlegu grátkasti sem hann vissi ekki sjálfur hvern-ig best væri að binda endi á. Björn Bergsteinn Guðmunds-son sér um lýsingu verksins en Þórunn María Jónsdóttir hann-ar búninga og leikmynd. Hljóð-mynd og tónlist er í höndum Helga Svavars Helgasonar ásamt leikhópnum en tónlist leikur stórt hlutverk í sýningunni.

Niðurstaða

Allt listilega leyst og flæðið milli frásagna skýrt sem skrifast á leik-stjóran, Charlotte Böving, sem stýrir skútunni af sinni alkunnu snilld. Í heild er HÚH! Best í heimi stórskemmtileg sýning sem leikhúsunnendur ættu ekki að láta framhjá sér fara. ■





REYKJAVIK
RAINCOATS

LAUGAVEGI
62

REYKJAVIK RAINCOATS
LAUGAVEGUR 62, 101 PVK
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

AÐRIR ÚTSÖLUSTAÐIR
EPAL - LAUGAVEGI 70
EPAL - HARPA
AIRPORT FASHION - LEIFSSTÖÐ



LÓNSBRAUT 6 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 551 7170 • SAETOPPUR.IS

Helgarkrosssgátan



krossgátugerð:
Bjarni sími:
845 2510

hviða

gnauð

lituð

lélegra

mann

aflaga

fuglar

fugl

blossinn

bægsli

kraminn

barefli
drykkur

slefar

Teikning:
Halldór Andri
eftirprentun
bónnuð

↓

rambar

glepja

gjóta

↗

4

fuss

2

staðnar

4 eins

háski

nærður

2 eins
forfeður

vömbin

5

takast
aula

↓

spil

sperra

litlaus

skelin

baun

pirrar
2 eins

6

snöggur
klína

deig

gjálfrar

róta

áraun
atyrða

eldfjall

frakkur

strýinu
út

↘

7

rikir

jafnskjótt

1

stífar

átti
2 eins

snjó

2 eins

meidda

sanka

einar til
þoka

kex

elska
keyri

steðja

dá

vitund

hellir

hvað?

karldýr
púka

verkfæri

8

stórvaxnar
2 eins

kvendýr

líkamshluti

náðhús

kátinan

útlím

hrjái

borg

1	2	3	4	5	6	7	8
---	---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

	4	5	2		6			
	6	9			4	2	8	
		3		1	5			
			4		9			1
	2	6	1		3	4	7	
	8							
5				6	1		3	
		4					5	
7	3				2			

Erfið

	6	7	5				8	
	1	9		4				7
		4		8		3		
		8				2		1
9								4
6			9	1	3			
				9				
							7	3
	7		1			9		

Verðlaunagáta

Helgarkrosssgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið
krossgata@dv.is



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...
Hildur Guðnadóttir
Lautasmára 53
201 Kópavogur
Lausnarorðið var **HALAKARTA**
**Hildur hlýtur að launum bók-
ina Leyndarmál húðarinnar**



Í verðlaun fyrir gátu helgar-
blaðsins er bókin Drekkingarhylur

Síðustu dagana fyrir dauða sinn hringdi Nel Abbott margoft í Jules systur sína, en hún hundsaði hróp hennar á hjálp – og Nel drekkti sér.
Jules hafði heitið sjálfri sér því að snúa aldrei aftur til smábæjarins Beckford, en á nú engra kosta vól. Jules óttast minningarnar, húsið sem þær systur ólust upp í, öll andlitin úr fortíðinni. En mest af öllu óttast hún hylinn í ánni sem rennur í gegnum bæinn. Fyrr um sumarið druknaði ung stúlka í honum.
Og Jules veit að Nel hefði aldrei stokkið sjálf út í hann.
Höfundur: Paula Hawkins



Vilt þú koma
skjalamálunum
í lag?

1 SYSTEMS **OneRecords** Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1 SYSTEMS **OneQuality**



Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

1 SYSTEMS **OnePortal** Self-Service



OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænir innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavinum, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkum máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.

Gæðastjórnun á stóran þátt í góðum árangri fyrirtækja. OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.



MoReq2

Hagkvæmar lausnir
með áherslu á rekjanleika,
auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra



Spáð í stjörnuunnar

Lesið í tarot Sólveigar

Erill og ósætti

Miklar deilur hafa geisað í kringum Eflingu undanfarnar vikur og mánuði og er formaðurinn Sólveig Anna Jónsdóttir þar í forgrunni. DV ákvað því að lesa í tarotspil Sólveigar og athuga hvað framtíðin ber í skauti sér, en lesendur DV eru minntir á að þeir geta dregið tarotspil á hverjum degi, jafnvel oft á dag, á dv.is.

Ekki lofa of miklu

Fyrsta spilið sem kemur upp hjá Sólveigu er 10 stafir. Það táknar þann mikla erill sem einkennir líf hennar nú, en erill er væntanlega vægt til orða tekið. Sólveig kom inn í Eflingu með mikið af væntingum og lofordum í farteskinu, en er nú að átta sig á að hún hefur hugsanlega tekið meira að sér en hún ræður við. Þegar maður færast of mikið í fang þá leiðir það

óhjákvæmilega til þess að maður leysir verkefni ekki vel úr hendi, sama hve mikið maður leggur sig fram. Það er Sólveig að upplifa núna. Hún ætti því að læra listina að deila út verkefnum og ekki hafa allar heimsins byrðar á herðum sér. Sólveig þarf að sýna undirmönnum sínum traust og leyfa þeim að spreyta sig. Í framtíðinni þarf hún síðan að hugsa sig tvisvar um áður en hún lofar upp í ermina á sér.

Svartsýni villir sýn

Næst er það Tunglið. Það táknar tilfinningalíf Sólveigar en það einkennist um þessar mundir af óreiðu. Hún verður fyrir árásum úr öllum áttum og því gæti einmanaleiki, jafnvel

ístöðuleysi, hrjáð hana. Það er hins vegar fjarri sanni að Sólveig ráði ekki við það erfiði sem steðjar að henni. Hún er er sterkur einstaklingur og má alveg staldra stutt við í vonleysi og depurð áður en hún rís aftur á fætur og tekst á við framhaldið. Hennar helsti galli er sá að hún sér ekki raunveruleikann eins og hann er heldur lætur svartsýni villa sér sýn. Hún þarf að horfa betur í kringum sig og treysta á innsæið sem hefur komið henni svo langt í gegnum tíðina. Framtíðin er nefnilega björt og nú er tíminn til að ná samkomulagi svo leiðindin séu á bak og burt.

Ósætti á vinnustað

Loks eru það 2 sverð. Það táknar Sólveigu og náinn samstarfsfélagi hennar. Samstarfið hefur að mestu leyti gengið vel en eitthvað smávægilegt virðist hafa komið upp á nýverið. Sólveig þarf að taka á honum stóra sínum til að koma á jafnvægi og þægilegu andrúmslofti. Ójafnvægið tengist nefnilega því að Sólveigu hefur ekki liðið mjög vel upp á síðkastið og hún hefur ekki náð að hlúa nógu vel að sinni andlegu líðan. Ef Sólveig hundsar þetta rafmagnaða andrúmsloft gæti þetta ósætti stig-magnast og valdið báðum aðilum mikilli vanlíðan á komandi vikum. ■



Tobba og Kalli orðin hjón – Svona eiga þau saman

Tobba Marinósdóttir rithöfundur og Karl Sigurðsson Baggalútur gengu í það heilaga í villu á Ítalíu fyrir skömmu. Tobba og Kalli hafa verið saman um árabil en DV lék forvitni á að vita hvernig þau eiga saman, nú þegar þau hafa innsiglað ástina.

Kalli er Ljón en Tobba er bogmaður. Það er skemmst frá því að segja að þegar að þessi tvö merki koma saman í ástarsambandi þá verður bókstaflega flugeldasýning, svo mikill er krafturinn og lífsgleðin. Það er gaman að vera í kringum þau sem samanstendur af ljóni og bogmanni og hvetja þau hvort annað til dáða, stanslaust.

Bogmaður og Ljón bera djúpa virðingu fyrir hvort

öðru, en það sem einkennir bæði merkin er hlýja og sjarmi. Orkan frá þessu pari smitar út frá sér og gerir fólkið í kringum það glatt.

Bæði bogmaður og Ljón eru ópolinmóð og þó að sambandið sé mjög stöðugt og gott er ýmislegt sem getur komið upp á – eins og í öllum samböndum. Ljónið getur látið daður bogmannsins fara í taugarnar á sér og bogmaðurinn pirrar sig stundum á stjórnssemi Ljónsins. Ljónið lætur til skarar skríða án fyrirvara á meðan bogmaðurinn spáir og spekulera í öllu sem hann gerir. Virðingin á milli þessara tveggja merkja er hins vegar svo mikil að ástarsamband sem bindur þessi tvö saman stendur afar traustum fótum. ■



Tobba
Fædd 7. desember 1984

bogmaður

- gjafmild
- góður húmor
- lífsglöd
- ákveðin
- lofar upp í ermina á sér
- ópolinmóð

Kalli
Fæddur: 24. júlí 1973

Ljón

- hugmyndaríkur
- ástríðufullur
- hlýr
- glaður
- hrokafullur
- ósveigjanlegur

Afmælisbörn vikunnar

- **6. október** Hjörvar Hafliðason fjölmiðlamaður, 39 ára
- **7. október** Erla Gunnarsdóttir bóndi, 43 ára
- **8. október** Tómas Þór Þórðarson sjónvarpsstjarna, 35 ára
- **9. október** GRE stjörnuvefari 44 ára
- **10. október** Logi Geirsson handknattleikskappi, 37 ára
- **11. október** Halla Tómasdóttir hagfræðingur, 51 árs
- **12. október** Hanna Birna Kristjánsdóttir, ráðgjafi á aðalskrifstofu UN Women, 53 ára

Stjörnuspá vikunnar

Gildir 6.–12. október



Hrútur - 21. mars–19. apríl

Þú þarft að taka á honum stóra þínum í vinnunni í þessari viku. Það er valda-barátta í uppsiglingu og þú átt mjög erfitt með að gefa eftir. Þér er hins vegar ráðlagt að gera það úr ýmsum áttum og þú skalt hlusta á þessar ráðleggingar. Stundum þarf maður að brjóta odd af oflæti sínu til að komast áfram og ná lengra.



Vog - 23. sept.–22. október

Þú ert rosalega góður/ur í að vera mála-miðlari en þú verður að segja hug þinn ef þér finnst troðið á tám þínum. Þú þarft að opna þig meira, bæði í vinnu og einkalífi, og miðla því sem þú vilt í alvörðunni. Ekki reyna alltaf að geðjast fólkinu í kringum þig og verða svo fyrir vonbrigðum þegar það skilur ekki hvað þú vilt.



Naut - 20. apríl–20. maí

Þú ert áhættusækin/n um þessar mundir og langar til að komast út úr hversdeg-inum og í eitthvað nýtt. Þetta er góðs viti, því þú ert oft aðeins of heimakær. Þú skráir þig á kvöldnámskeið sem á eftir að opna fyrir þér nýja vídd. Þú býrð yfir miklum sjarma og krafti en þú þarft að nota hann rétt og á rétta fólkið til að ná þínu fram.



Sporðdreki - 23. október–21. nóvember

Þú skalt vara þig á að dæma fólk of fljótt. Að sama skapi skaltu ekki láta ginnast af gylliboðum. Ekki taka neinar stórar ákvarðanir sem varða fjárhaginn á næstunni. Ef eitthvert tilboð virðist vera of gott til að vera satt þá er það líklegast nákvæmlega það. Stóra tækifærið þitt kemur – sérstaklega ef þú velur það vel.



Tvíburi - 21. maí–21. júní

Þeir tvíburar sem eru nýlega einhleypir og á höttunum eftir nýjum maka verða að varast að halda öllu fyrir sig. Þú mátt hleypa fólki inn í líf þitt á þínum forsendum en ef þú gefur ekkert af þér er þetta fólk fljótt að hlupa í burtu. Fyrst og fremst þarftu að elska þig sjálfa/n áður en þú getur elskað annan á ný.



Bogmaður - 22. nóvember–21. desember

Þú ert sérstaklega móttækileg/ur fyrir hópþrýstingi um þessar mundir en þú þarft að passa upp á sjálfstæði þitt. Ekki láta fragan róm og yfirbragð toga þig í burtu frá þínum lífsgildum. Stattu fast á þínu og ekki eltaf við allt það nýjasta og besta. Það gæti komið þér í mikið klandur, sérstaklega ef einhver er að reyna að fá þig með í viðskiptatækifæri.



Krabbi - 22. júní–22. júlí

Þú býrð yfir miklu og sterku innsæi sem kemur þér oftast vel. Nú, hins vegar, er manneskja í þínum innsta hring sem þú nærð alls ekki að lesa og það angrar þig. Þú ferð að efast um fyrirætlanir þessarar manneskju og það kemur þér úr jafnvægi. Þá er gott að fá smá fjarlægð frá þessari manneskju og einbeita sér að hinum sem þú lest eins og opna bók.



Steingeit - 22. desember–19. janúar

Þú ert ekki þekkt/ur fyrir mikið keppnisskap. Jú, þér finnst gaman að vinna en þú verður ekki sár þótt þú tapir. Á næstunni tekur þú hins vegar þátt í keppni sem þú þráir að vinna og þú þekkir ekki það keppnisskap sem umlykur þig. Mundu þá hið fornveðna – ekki láta keppnisskapið hlupa með þig í gönur.



Ljón - 23. júlí–22. ágúst

Þú þarft að passa þig á að vera ekki of fljótfer, hvort sem það er að skrifa stöðuuppfærslu í óðagöti á samfélagsmiðlum eða taka mikilvægar ákvarðanir í vinnunni. Þú þarft einnig að passa heilsuna núna. Þú þarft að komast meira út í ferskt loft og borða mat sem líkaminn elskar. Þá líður þér betur og öllum í kringum þig.



Vatnsberi - 20. janúar–18. febrúar

Nú þarftu aðeins að ýta á bremsuna og leyfa þér að vera til og slaka á. Þú ert búin/n að vera á fullu upp á síðkastið og nú er komið að skuldadögum. Þú þarft að horfa inn á við og spyrja þig hvað þú virkilega vilt úr þessu lífi. Viltu halda áfram eins og hamstur í hjóli eða viltu finna þinn stað þar sem ró og næði er partur af prógramminu?



Meyja - 23. ágúst–22. sept.

Þú hefur komist að því oft í gegnum tíðina að þú getur meira en þú heldur. Nú er enn og aftur kominn tími á að þú kannir takmörk þín og ýtir þér og þínum hæfileikum lengra. Þér finnst þú vera föst/fastur á stað sem þú vilt ekki vera á en skynsemin heldur þér þar. Er það virkilega þess virði að hlusta á skynsemina þegar hún lætur þér líða illa?



Fiskur - 19. febrúar–20. mars

Einhleypir fiskar eiga spennandi tíma í vændum. Manneskja sem þú héltst að væri bara á höttunum eftir vinasambandi miðlar því að hún vilji meira – smá rómantík og kertaljós ásamt tilheyrandi stúdí í svefnherberginu. Í fyrstu ertu ekki viss en því meira sem þú sérð þessa manneskju í rósráðum ljóma, því meira sannfærast þú um að þetta sé rétt.

Til að eiga möguleika þarftu að gerast
vinur **DV** á facebook finna gjafaleikinn og
tagga einhvern sem á skilið óvæntan glaðning.

Tenerife fyrir 2 fullorðna 13. nóvember í 7 nætur, gist verður á
Apartments Paradero I sem er á Amerísku ströndinni, í um 15
mínútna göngufjarlægð frá „Laugaveginum“ sem margir þekkja.
Á ströndina eru einungis um 400 metrar.

ÚR FRÁ 24 ICELAND

FERÐ FYRIR 2

Heimsferðir

65" UHD
SNJALLSJÓNVARP
FRÁ LG

Heimilistæki

MÍÐAR Í
ÞJÓÐLEIKHÚSÍÐ

GJAFABRÉF Í LEYNDARMÁL
MATARKJALLARANS

20.000 KRÓNA GJAFAKORT

SVARTI SAUÐURINN
BORDSPIL (16+)

2 MÍÐAR Á ÍSLAND - ANDORRA

BLACKBOX PIZZA
GJAFABRÉF FYRIR FJÖLSKYLDUNA

**GJAFA
LEIKUR!**

DV GLEÐUR LESENDUR

**HEILDARVERÐMÆTI VINNINGA
RÚMLEGA MILLJÓN**

Hryssingsleg hjónaband

■ Brúðkaup stjarnanna eru oft ríkmannleg en vara sum ansi stutt ■ Hér eru þau



Kim Kardashian og Kris Humphries 72 dagar

Þetta er líklega eitt frægasta stutta hjónaband sögunnar. Ekkert var til sparað þegar raunveruleikastjarnan Kim Kardashian og körfu-boltaspilarinn Kris Humphries giftu sig þann 20. ágúst árið 2011. En þegar að Kim sótti um skilnað sakaði Kris hana um svik og vildi ógildingu.



Drew Barrymore og Jeremy Thomas 29 dagar

Leikkonan Drew Barrymore bað bareigandann Jeremy Thomas um að giftast henni aðeins sex vikum eftir að þau byrjuðu að deita árið 1994. Þremur klukkustundum seinna hafði leikkonan náð að koma saman brúðkaupi og það var mið-ill í Hollywood sem gaf þau saman. 29 dögum seinna sótti leikkonan um skilnað.



Pamela Anderson og Rick Salomon 2 mánuðir

Strandvörðurinn Pamela Anderson tók skyndi-ákvörðun í október árið 2008 og gekk að eiga pókerspilarann Rick Salomon. Tveimur mánuðum seinna sóttu Pamela og Rick um skilnað og sökuðu hvort annað um svik og pretti.



Sinead O'Connor og Barry Herridge 18 dagar

Vandræðin byrjuðu nokkrum klukkustundum eftir að söngkonan Sinead O'Connor giftist kærasta sínum til þriggja mánaða í Las Vegas þann 8. desember árið 2011. „Innan við þremur klukkustundum eftir athöfnina var hjónaband mitt eyðilagt vegna hegðunar vissra manneskja í lífi eiginmanns míns,“ skrifaði Sinead á bloggsíðu sína þann 26. desember þar sem hún staðfesti skilnaðinn.



Cher og Gregg Allman 9 dagar

Söngkonan Cher og rokkarinn Gregg Allman heitinn gengu í það heilaga í júlí árið 1975. Brúðkaupið átti sér stað í Las Vegas (kemur á óvart) nokkrum dögum eftir að skilnaður Cher við Sonny Bono gekk í gegn. Níu dögum síðar þurfti Cher aftur að sækja um skilnað þegar hún komst að því hve djúpt Gregg var sokkinn í áfengis- og vímuefnaneyslu.



Carmen Electra og Dennis Rodman 9 dagar

„Eitt ráð sem ég myndi gefa hverjum sem er: Ekki gifta þig í Vegas,“ sagði fyrirsæt-an Carmen Electra eitt sinn þegar hún var spurð út í hjónaband hennar og körfu-boltagoðsagnarinnar Dennis Rodman. Þau djömmuðu mikið saman og játuðust síðan hvort öðru í Las Vegas þann 14. nóvember árið 1998. Hjónasælan dugði skammt og var hjónabandið ógilt níu dögum síðar.



Eddie Murphy og Tracey Edmonds 2 vikur

Hveitibrauðsdagar frá helvíti fylgdu þessu brúðkaupi í para-dís. Leikarinn Eddie Murphy gekk að eiga Tracey Edmonds þann 1. janúar árið 2009. Þetta var strandarbrúðkaup í Frönsku Pólýnesíu og öllu tjaldað til. Hins vegar heyrðu brúðkaupsgestir þau Eddie og Tracey gráta og rífast eftir athöfnina. Sem betur fer var athöfnin ekki lagalega bindandi og þegar hjónin sneru aftur til Bandaríkjanna hættu þau saman.



Lisa Marie Presley og Nicolas Cage 3 mánuðir

Aftur kemst leikarinn Nicolas Cage á blað, en hann hefur alla ævi verið mikill aðdáandi tónlistarmannsins Elvis Presley. Það virtist því skrifað í skýin þegar hann gekk að eiga dóttur kóngsins, Lisu Marie Presley, árið 2002 á Havaí. Þremur mánuðum síðar, þegar 25 ár voru síðan kóngurinn sjálfur dó, sótti leikarinn um skilnað. „Ég er leiður en við hefðum ekki átt að gifta okkur,“ sagði Lisa Marie síðar.



Bradley Cooper og Jennifer Esposito 4 mánuðir

Leikaraparið var búið að deita í ár þegar það gifti sig í desember árið 2006. Fjórum mánuðum seinna sótti Jennifer um skilnað. Jennifer minnst á fyrrverandi maka í æviminningum sínum, sem margir telja að sé Bradley, og segir hann vera afar stjórnsaman. „Hann var fyndinn, klár, rogginn og stjórnsamur,“ skrifar hún. „Mér fannst hann ekkert sérstaklega aðlaðandi en taldi að ég gæti haft gaman af húmornum hans og vitleysunni um stund.“

Hjónabönd

Ullra stustu



Axl Rose og Erin Everly 26 dagar

Guns N' Roses-söngvarinn Axl Rose kvæntist Erin Everly þann 28. apríl árið 1990, en Erin er hvað þekktust fyrir að veita Axl innblástur til að semja lagið Sweet Child o' Mine. Sagan segir að Axl hafi farið á skeljarnar klukkan fjögur um nótt og sagt: „Ég drep mig ef þú kvænist mér ekki.“ Þau giftu sig í Las Vegas og fjórum vikum seinna sótti rokkarinn um skilnað. Axl og Erin byrjuðu hins vegar aftur saman en ári síðar var hjónabandið ógilt vegna grafalvarlegra ásakana Erin um heimilisofbeldi.



Britney Spears og Jason Alexander 55 klukkutímar

Söngkonan Britney Spears bar heldur óhefðbundinn höfuðbúnað þegar hún gekk að eiga æskuvín sinn, Jason Alexander – nefnilega derhúfu. Vinirnir tóku hvatvísa ákvörðun í janúar árið 2004 og giftu sig í litlu, hvítu kapellunni í Las Vegas. 55 klukkustundum síðar sótti Britney hins vegar um ógildingu sökum þess að hún skildi ekki fyllilega hvað hún var að gera þegar hún samþykkti hjónaband.



Liam Hemsworth og Miley Cyrus 8 mánuðir

Sambandi Liams og Miley mætti helst lýsa sem „haltu mér, slepptu mér“, en þau deituðu við og við síðan þau kynntust árið 2009. Þann 23. desember í fyrra giftu þau sig við litla athöfn. Miley klæddist kjól frá hönnuðinum Vivianne Westwood og kostaði dressið ríflega milljón. Þann 10. ágúst síðastliðinn gaf Miley út yfirlýsingu þar sem hún staðfesti sambandsslitin, en grunur vaknaði um að þau væru hætt saman eftir að söngkonan deildi myndum af sér án giftingarhringsins. Þetta kom Liam í opna skjöldu og vissi hann ekkert um skilnaðinn fyrr en hann sá yfirlýsinguna á samfélagsmiðlum. Aðeins nokkrum klukkustundum eftir að yfirlýsingin kom út, fóru myndir af Miley og nýju kærustu hennar, Kaitlynn Carter, í birtingu. Þær er nú hættar saman.



Jennifer Lopez og Kris Judd 8 mánuðir

Jennifer giftist dansara sínum þann 29. september árið 2001. Jennifer tjaldaði öllu til enda var hún nýbúin að græða á tá og fingri eftir útgáfu lagsins Love Don't Cost a Thing. Hún klæddist brúðarkjól frá Valentino og lét skreyta með tíu þúsund rósrum. Allt þetta dugði ekki til og entist hjónabandið aðeins í átta mánuði. Jennifer og Chris staðfestu skilnað sinn í júní árið 2002.



Nicolas Cage og Erika Koike 4 dagar

Samband leikarans Nicolas Cage og Eriku Koike er með þeim skrautlegri. Þau sáu fyrst saman á Púertó Ríkó í apríl árið 2018 og gengu í það heilaga 23. mars sama ár í Las Vegas. Aðeins fjórum dögum síðar sótti leikarinn um ógildingu og sagðist hafa verið of fullur til að kvænast. Þá fauk í Eriku sem sagðist í samtali við Daily Mail vera mjög sár því leikarinn hefði „smánað“ hana opinberlega.



Dennis Hopper og Michelle Phillips 8 dagar

Tónlistarkonan Michelle Phillips lék í kvikmyndinni The Last Movie í leikstjórn leikarans Dennis Hopper. Eftir að tókum lauk á myndinni gengu þau Michelle og Dennis í það heilaga, nánar tiltekið þann 31. október árið 1970. Átta dögum síðar var ballið búið, en Dennis var í mikilli neyslu á þessum tíma og alræmdur fyrir ófarir í kvennamálum.



Renée Zellweger og Kenny Chesney 4 mánuðir

Það var sannkallað drauma-brúðkaup þegar leikkonan og tónlistarmaðurinn giftu sig á Bandarísku Jómfrúaeypjum í maí árið 2005. Ástarloginn sloknaði þó fljótt, nánar tiltekið eftir fjóra mánuði. Seinna meir lýsti Renée hjónabandinu sem „mjög dapurlegri reynslu.“



Shannen Doherty og Ashley Hamilton 5 mánuðir

Shannen og Ashley ákváðu að láta pússa sig saman eftir aðeins tveggja vikna samband árið 1993. Þau komu vinum og fjölskyldu í opna skjöldu þegar þau giftu sig í bakgarði við heimili leikkonunnar. Fimm mánuðum síðar var gamanið búið og þau skildu.

YFIRHEYRSLAN

Verð að aga mig svo ég geti laga' mig!!

Davíð Örn Hákonarson matreiðslumaður hefur starfað í Danmörku og París undanfarin áratug. Hann lifir fyrir starfið, hráefnin og lífstílinn sem fylgir með en hann segir það að skapa, þroskast og læra nýja hluti skipta mestu máli í lífinu. Davíð Örn er í yfirheyrslu helgarinnar.

Íris Hauksdóttir
iris@dv.is



Hvar líður þér best?

Í náttúrunni eða innan um dýr eða í djúsi kombói af hvoru tveggja! En ef ég ætti að nefna staði þar sem mér líður best þá fer það algjörlega eftir því hvaða andi er í mér. Í eldhúsi með hníf í hönd eða uppi í sumarbústað í Bláskógabyggð, á báðum stöðum er ég „heima“.

Hvað óttastu mest?

Hlýnun jarðar og hversu hægt við erum að aðlaga okkur þessari ógn. Ég er óttast um að við séum ekki nógu hrædd við þetta og að við tökum fyrst þegar það er orðið of seint. Einnig hræðist ég að missa edrúmennskuna mína, hún er mér nokkuð mikilvæg.

Hvert er þitt mesta afrek?

Ætli það sé ekki edrúmennskan og það að geta horfst í augu við sjálfan mig og alla mína galla og unnið markvisst í þeim. Verð að aga mig svo ég geti laga' mig!! Hundurinn minn er líka enn á lífi, sem er í raun afrek út af fyrir sig eftir nokkrar aðgerðir, bílslys og fleira. Hann lætur hafa svolítið fyrir sér stubburinn, en hann er við hestaheilsu í dag.

Furðulegasta starf sem þú hefur tekið að þér?

Vá, þessi er erfið. Ég hef í raun alltaf unnið í eldhúsi eða á veitingastað en ég hef tekið að mér furðuleg verkefni. Ég stóð einu sinni fyrir smáréttaveislu fyrir 200 manna opnunarpartí á safni í Danmörku. Byggingin sem var hálfkláruð var grafin að stóru leyti niður í jörðina og án rennandi vatns og hita. Ráfmagnsleiðslur voru á vægast sagt mjög óheppilegum stöðum og það var ekki þak á helmingnum af byggingunni. Og ekki nóg með það því það rigndi, í október.

Hver væri titillinn á ævisögu þinni?

Það eru svo margir sem koma til greina. Þeir hljóma allir mikið meira „cool“ á ensku. „The guide to get fucked and unfucked real quick“, „Well that escalated quickly“, „Cocaine, butter and organic vegetables. A tragicomedy“ eða lauflétta, barnvæna útgáfan „A cook and his dog“.

Hvernig væri bjórinn Davíð Örn?

Bitur til að byrja með en því meira sem þú drekkur fær hann sæta tóna af sítrus og kamillu. Ég get verið svolítið „bittersweet“ á köflum.

Besta ráð sem þú hefur fengið?

Þau eru þrjú. Það fyrsta kemur frá pabba mínum og hljómar nokkurn veginn svona: „Ef þú vil að hlutirnir séu gerðir rétt þá gerir þú þá sjálfur“. Annað kemur frá móðir minni, hún sagði mér að vera aldrei sjálfsselskur í samböndum og muna alltaf að sjá vel um maka minn. Það þriðja gerði bandaríski grínistinn Will Rogers frægt: „Common sense ain't common“, það hefur verið rótfast í mér frá unglingsárum.

Hvert er leiðinlegasta húsverkið?

Það er í raun ekkert leiðinlegt húsverk, það verður alltaf það sem þú gerir úr því! Mér finnst ekkert leiðinlegt að þrifa, en stundum þarf ég að peppa mig svolítið í gang. Mér finnst gott setja Billie Holiday á fóninn og negla í mig fjórföldum espressó ef ég er ekki í girnum.

Besta bíómynd allra tíma?

Það er nánast ómögulegt að svara þessari spurningu. Ég get nefnt þrjár sem höfðu mikil áhrif á mig: Irréversible, frönsk mynd leikstýrt af Gaspar Noé, Antichrist eftir Lars Von Trier og Intouchables, frönsku útgáfuna, ekki Hollywood. Ég er einnig mikill Tarantino- og Guy Ritchie-aðdáandi. Einnig American Psycho, Scarface, Silence of the Lambs, Gladiator, Boondock Saints og ég get haldið endalaust áfram.

Hvaða hæfileika myndir þú vilja búa yfir?

Polinmæði, er það ekki hæfileiki? Það eða setja saman Ikea-húsgögn. En það er bein tenging frá því og polinmæði.

Hver er mesta áhætta sem þú hefur tekið?

Þær eru orðnar nokkuð margar. Stundaði það af mikilli innlifun í mörg ár að taka mikla áhættu. En slapp lifandi frá því öllu. Þetta er kannski mjög „heimspekilegt“ en ég myndi segja að það að lifa væri ákveðin áhætta, þar sem maður veit aldrei hvað er handan við hornið.

Hvaða frasi eða orð fer mest í taugarnar á þér?

„Live, love, laugh“ er eitthvað sem hver einasta fruma í líkamanum á mér getur ekki. Öll yfirdrifin „inspirational quotes“ með fylgjandi ýktum „selfies“ á Instagram er eitthvað sem veldur mér velgju.

Hvaða getur þú sjaldnast staðist eða ert góður í að réttlæta að veita þér?

Kleinhúringir er mín „guilty pleasure“. Ef ég dett í „donuts“ þá borða ég sex og drekk lítra af kókómjólk með. Ég er mjög veikur einstaklingur þegar það kemur að því. Ég er líka brjálaður í kökur og súkkulaðikakan hennar mömmu er á toppnum. Þegar hún er bökuð borða ég helminginn og hinir í boðinu geta deilt á milli sín restinni.

Hvað er á döfinni hjá þér?

Ég ætla að heimsækja gamlar slóðir í Kaupmannahöfn í lok mánaðarins og svo er það bara vinnan. Annars er ég með fullt af öðrum hugmyndum sem mig langar gífurlega mikið að hrinda í framkvæmd sem fyrst, og ég ætla að reyna að búa mér til tíma til að koma því í gang.

Davíð Örn
Hákonarson

HAGBLIKK

Álpakrennur og niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt,
silvurgrátt og dökkrautt



Pakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C • 202 Kópavogur • Sími 587 2202 • hagblikk@hagblikk.is • hagblikk.is



Stungu af

Vinkonurnar og áhrifa-valdarnir Lína Birgitta og Berglind Saga stungu af úr köldu haustvindunum alla leið í sólina á Kanaríeyjum. Þær sýna í óðaönn frá þessu á samfélagsmiðlum og kemur þar fram að þær gista á 5 stjörnu hótelinu Lopesan Baobab Resort þar sem nóttin kostar um 30.000 krónur. Athygli vekur að hótelið sem og ferðaskrifstofan Úrval Útsýn eru merktar inn í margar færslurnar en hins vegar ekki tekið fram að um auglýsingu sé að ræða. Lína Birgitta hefur sjálf sagt í viðtali við DV að hún vinni ekki fyrir hvern sem er, þótt hún hafi í upphafi ferilsins þegið vörur án endurgjalds og gert skiptidíla. Í dag velji hún viðskiptavini sína vel. „Ég vil að brandið þitt passi við mig og ég passi við brandið þitt,“ sagði hún í viðtali við DV.



Óveðursský yfir Boga

Kastljós tók fyrir erfiðleika í efnahagskerfinu í þætti sínum á miðvikudagskvöld, en áður en talað var við gesti þáttarins, þær Drífu Snædal, forseta ASÍ, og Ásdísi Kristjánsdóttur, forstöðumann efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, voru sýnd þónokkur brot úr kvöldfréttum RÚV þar sem fjallað var um þær mörgu fjöldauppsagnir sem hafa orðið á síðustu vikum. Athygli vakti að Bogi Ágústsson, einn ástsælasti fjölmiðlamaður landsins, flutti allar þær fréttir, alla sem eina, og því engu líkara en að óveðursský uppsagna hvíli yfir Boga. Þó ekki jafn dimmt og grátt og yfir þeim sem hafa tapað vinnu sinni í versnandi árferði.



Hinn eini, sanni Íslandsvinur

Tónlistarmaðurinn Damon Albarn tilkynnti í vikunni að von væri á nýju efni frá honum undir nafninu The Nearer the Fountain, More Pure the Stream Flows. Efnið er innblásið af landslagi Íslands og fer Damon á tónleikaferðalag með herlegheitin í maí. Reykjavík er hvergi að finna á lista yfir staðfesta tónleikastaði.

Hugsanlega bætist Ísland hins vegar við þar sem það má með sanni segja að Damon Albarn sé sá útlendingur sem eigi titilinn Íslandsvinur hvað mest skilið.

Þegar Damon var forsöngvari Blur á tíunda áratug síðustu aldar vandi hann komur sínar til Íslands. Í viðtali við DV árið 1996 sagðist hann ná djúpri tengingu við land og þjóð. „Ég saknaði Íslands eftir að ég var farinn til Bretlands og hlakka auðvitað mikið til þess að koma aftur, annars væri ég ekki að koma,“ sagði hann, en Damon var tíður gestur og einn af eigendum Kaffibarsins.

Damon gerði meira hér á landi en að kaupa hlut í öldurhúsi – hann keypti hér líka hús að Bakkastöðum 109 í Reykjavík. Um

er að ræða tæplega 300 fermetra eign, búna sex svefnherbergjum og verður fasteignamat hennar á næsta ári rúmlega 110 milljónir. Damon keypti húsið árið 2002 og á það enn. Damon fer fögrum orðum um Ísland í upplýsingum um nýja tónlistarverkefnið.

„Land miðnætursólarinnar, Ísland, er einstakt land sneisafullt af náttúrufegurð; jöklum, eldfjöllum, hverum, fjöllum og undursamlegum höfðum,“ segir hann. Titill verksins er fenginn úr ljóðinu Love and Memory eftir John Clare.



Damon Albarn

MYND: GETTY IMAGES

Jólaóróinn í ár

Verð aðeins kr. **6.800.-**

GEORG JENSEN

HÖNNUÐUR: SANNE LUND TRABERG

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is

